


FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



Bergþór Jóhannsson

ÍSLENSKIR MOSAR
Breytingar og skrár

FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985. Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði. Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

Ritstjóri:

Erling Ólafsson

Netfang: erling@nattfs.is

Kápumynd:

Grjótakragi (*Schistidium frigidum*)

Gróhirsla og yfirborðsfrumur hennar

Teikning: Bergþór Jóhannsson

Útgefandi:

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296

Fjölritun: Stensill ehf.

© Náttúrufræðistofnun Íslands

ISSN 1027-832X

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	4
INNGANGUR	5
BREYTINGAR Á TEGUNDAFJÖLDA	6
Kragamosar - <i>Schistidium</i>	6
1. Fjörukragi - <i>Schistidium maritimum</i>	11
2. Lækjakragi - <i>Schistidium rivulare</i>	11
3. Bakkakragi - <i>Schistidium platyphyllum</i>	11
4. Svalkragi - <i>Schistidium agasszii</i>	11
5. Roðakragi - <i>Schistidium apocarpum</i>	11
6. Holtakragi - <i>Schistidium flexipile</i>	14
7. Vörtukragi - <i>Schistidium papillosum</i>	17
8. Bollakragi - <i>Schistidium strictum</i>	20
9. Örðukragi - <i>Schistidium pruinatum</i>	23
10. Smákragi - <i>Schistidium dupretii</i>	25
11. Grjótakragi - <i>Schistidium frigidum</i>	28
12. Heiðakragi - <i>Schistidium venetum</i>	31
13. Gullinkragi - <i>Schistidium confertum</i>	34
14. Perlukragi - <i>Schistidium flaccidum</i>	37
15. Brandakragi - <i>Schistidium crassipilum</i>	39
16. Veggjakragi - <i>Schistidium submuticum</i>	42
17. Skjónukragi - <i>Schistidium atrofusum</i>	42
18. Þráðkragi - <i>Schistidium tenerum</i>	42
BREYTINGAR Á ÆTTKVÍSLASKIPTINGU	44
<i>Dryptodon</i> og <i>Racomitrium</i>	44
<i>Polytrichastrum</i> og <i>Polytrichum</i>	45
<i>Pseudoscleropodium</i> og <i>Scleropodium</i>	45
<i>Syntrichia</i> og <i>Tortula</i>	46
Skrá um breytt tegundanöfn vegna flutnings milli ættkvísla	47
BREYTINGAR Á LATNESKUM TEGUNDANÖFNUM	47
<i>Bryum subapiculatum</i>	47
<i>Drepanocladus sordidus</i>	48
<i>Grimmia sudetica</i>	48
<i>Plagiopus oederi</i>	48
Skrá um breytt tegundanöfn vegna breytts viðurnafns	49
NAFNAVANDAMÁL	49
<i>Polytrichastrum norvegicum</i>	50
BREYTINGAR Á ÍSLENSKUM NÖFNUM	52
Brúskmosar, hnúskmosar og totamosar	52
Dýrmosar og djásnmosar	52
Faxmosar, glæsímosar og snuddmosar	53
Gamburmosar og korpmosar	53
Glitmosar, blikmosar, ljómamosar og skjómamosar	53
Haddmosar, höttmosar og lubbamósar	53
Hnappmosar, bólsturmosar, strýmosar og þófamosar	54
Hnubbmosar, skrífilmósar og sokkmosar	54
Hnýsilmosar	54

Kragamosar	55
Leskjumosar og lýjumosar	55
Skænumosar, bleðilmosar, depilmosar, faldmosar, glærumosar og skjallmosar	56
Snúðmosar og skrúfmosar	56
Stúfmosar, loðmosar, lokmosar og staukmosar	56
Skrá um breytt íslensk tegundanöfn	56
MOSASKRÁ - RÖÐUN EFTIR LATNESKUM NÖFNUM	58
TEGUNDASKRÁ - RÖÐUN EFTIR ÍSLENSKUM NÖFNUM	79
ÆTTKVÍSLASKRÁ- RÖÐUN EFTIR ÍSLENSKUM NÖFNUM	93
ÞAKKIR	97
HEIMILDIR	97
SUMMARY	100

ÍSLENSKIR MOSAR

Breytingar og skrár

Bergþór Jóhannsson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320, 125 Reykjavík

ÁGRIP

Birt er endurskoðun á tegundum í ættkvíslinni *Schistidium*. Íslenskum tegundum í þeirri ættkvísl er fjölgað úr 12 í 18. Birt er skrá yfir þær 456 tegundir baukmosa er um hefur verið fjallað í þessari ritröð, ásamt tilvísun í þau hefti þar sem gerð hefur verið grein fyrir þeim. Í þessa skrá eru einnig teknar 146 tegundir soppmosa og 1 tegund hornmosa sem ekki hefur enn verið fjallað um. Sá hluti er birtur með þeim fyrirvara að einhverjar breytingar verða vafalaust gerðar á honum þegar fjallað verður um soppmosana. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á ættkvíslaskiptingu og latneskum tegundanöfnum frá fyrri heftum og verulegar breytingar hafa verið gerðar á íslenskum nöfnum frá fyrri heftum. Gerð er grein fyrir þessum breytingum.

INNGANGUR

Í síðasta hefti (Bergþór Jóhannsson 1998) er boðað að í þessu hefti verði skrá yfir þær tegundir sem um hefur verið fjallað í þessari ritröð með tilvísun í hefti og blaðsíðu. Jafnframt er þess getið að endurbætur séu nauðsynlegar á fyrri umfjöllun um kragamosa (*Schistidium*). Þetta tvennt er aðalefni þessa heftis.

Frekar er fjallað um kragamosana og þær breytingar sem gerðar eru í ættkvíslinni síðar í þessu hefti.

Skrá yfir þær tegundir sem um hefur verið fjallað í heftunum er annað aðalefni þessa heftis. Reynt hefur verið að samræma latnesk heiti þeim nýjustu skráum sem til eru yfir mosategundir í nágrannalöndum. Sérstaklega er farið eftir norska listanum (Frisvoll et al. 1995). Honum er þó ekki fylgt í einu og öllu. Sérstakt tillit hefur einnig verið tekið til sænsku listanna (Hallingbäck 1996 og Söderström, Hedenäs & Hallingbäck 1992). Gerð er grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á latneskum heitum frá fyrri umfjöllun.

Breytingar eru gerðar á íslenskum nöfnum þannig að hver ættkvísl fær sitt eigið nafn. Áður var ætlunin að nota mætti sömu endingu fyrir tegundir í nokkrum skyldum ættkvíslum. Þannig var ætlunin að tegundanöfn í ættkvíslunum *Arctoa*, *Klaeria* og *Dicranum* enduðu öll á -brúskur (Bergþór Jóhannsson 1991). Einnig var ætlunin að nöfn allra tegunda í skænumosaætt (*Mniaceae*) enduðu á -skæna (Bergþór Jóhannsson 1995a). Í fyrri Norðurlandaflórinni eftir Nyholm (Nyholm 1958), sem var endurprentuð óbreytt 1975, eru aðeins þrjár ættkvíslir í ættinni, *Mnium*, *Cyrtomnium* og *Cinclidium*. Í síðari Norðurlandaflórinni eftir Nyholm (Nyholm 1993) er búið að skipta ættinni í þrjár ættir, *Plagiomniaceae*, *Cinclidiaceae* og *Mniaceae*. Ekki gengur að kalla allar þessar ættir skænumosaætt. Það er því ljóst að finna verður ný nöfn fyrir tvær þeirra. Þótt ekki séu allir sannfærðir um nauðsyn þess að skipta ættinni í þrennt sýnir þetta dæmi að æskilegt er að hver ættkvísl hafi sitt eigið nafn. Það varð því niðurstaða mín að taka skrefið til fulls og setja sérstakt nafn á hverja ættkvísl. Séu fleiri en ein tegund í ættkvísl hafa þær endingu sem engar aðrar mosategundir hafa. Þetta leiðir til þess að séu tegundir fluttar milli ættkvísla þarf að breyta endingunni á íslenska nafninu til samræmis. Ýmsum kann að finnast það óþægilegt en það er ekki hægt að setja kerfið í mosunum fast og segja að þannig skuli það vera. Þrátt fyrir ótrúlega miklar og vandaðar rannsóknir á síðustu áratugum eru enn nokkrar ættkvíslir, t.d. *Lophozia*, sem vitað er að muni verða skipt í fleiri ættkvíslir, vonandi í náinni framtíð. Það er því aðeins til bráðabirgða sem allar þessar tegundir (um 17 íslenskar) eru taldar til ættkvíslarinnar *Lophozia*. Skipting í ættbálka og ættir og skyldleiki þeirra innbyrðis er viðfangsefni þar sem mikið er enn ógert. Efsti hluti kerfisins er heldur ekki á hreinu. Einna líklegast virðist nú að mosunum verði í framtíðinni skipt í þrjár fylkingar.

BREYTINGAR Á TEGUNDAFJÖLDA

Kragamosar - *Schistidium* Bruch et Schimp.

Um kragamosa hefur áður verið fjallað í þessari ritröð (Bergþór Jóhannsson 1993 og 1996a). Þar er þess getið að íslenskar tegundir ættkvíslarinnar muni vera fleiri en þar er lýst. Beðið var eftir að niðurstöður yrðu birtar úr þeirri viðamiklu athugun er H.H. Blom vann þá að. Þegar Blom hafði birt sínar niðurstöður (Blom 1996) var hafist handa við að endurskoða nafngreiningar á öllum tiltækum eintökum í þeim tegundahópi er hann fjallaði um. Niðurstaðan varð sú að sex tegundum er hér bætt við íslensku mosaflóruna.

Ritverk það sem Blom birti um endurskoðun sína á *Schistidium apocarpum* tegundahópnum í Noregi og Svíþjóð er til mikillar fyrirmyndar og er vandlega unnið. Við athugun á íslenskum eintökum hefur komið í ljós að sú tegundaskipting sem notuð er reynist afar sannfærandi. Blom ritaði síðan kaflann um *Schistidium* í Norðurlandaflóruna (Nyholm 1998) og er sá kafli að ýmsu leyti einfaldari og aðgengilegri en sjálf ritgerðin.

Ekki er þörf á að endurtaka lýsingu á ættkvíslinni frá því í fyrra hefti (Bergþór Jóhannsson 1993) en hér er birtur nýr greiningarlykill og nýjar lýsingar, nýjar teikningar og ný útbreiðslukort fyrir allar þær tegundir sem Blom (1996) fjallar um nema *S. atrofusum* og *S. tenerum*. Þar er látið nægja að vísa til fyrri umfjöllunar.

Í fyrri umfjöllun um *Schistidium* (Bergþór Jóhannsson 1993) er lögð nokkur áhersla á að teikna kranstennurnar. Þær hafa verulega þýðingu við greiningu og er þeim lýst hér á eftir þótt þær séu ekki teiknaðar fyrir allar tegundir. Því skal bent á að teikningarnar á síðu 28 í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1993) af *S. confertum* eru af *S. confertum*. Lýsingin á að mestu við um *S. confertum* en þó er þar einnig tekið tillit til eintaka sem tilheyra *S. frigidum*. Teikningin af *S. crassipilum* á síðu 36 er að öllu leyti af *S. crassipilum*. Lýsingin er einnig af eintökum *S. crassipilum*. Lýsingin á *S. flaccidum* og teikningarnar á síðu 41 eru gerðar eftir eintökum þeirrar tegundar. Hins vegar er teikningin á síðu 30 að öllu leyti af *S. submuticum* en ekki *S. dupretii*. Lýsingin er að langmestu leyti af eintökum *S. submuticum* en þó bregður fyrir atriðum sem tekin eru frá eintökum *S. dupretii*. Lýsingarnar á *S. apocarpum* og *S. strictum* í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1993) eru að nokkru leyti rangar vegna þess að auk eintaka þeirra tegunda var höfð hliðsjón af eintökum sem í raun eru af öðrum tegundum, þ.e. *S. flexipile* og *S. papillosum*. Hið sama á við um teikningarnar. Þannig eru teikningarnar af „*S. apocarpum*“ að mestu gerðar eftir eintökum af *S. flexipile* og teikningarnar af „*S. strictum*“ eru gerðar eftir eintökum bæði *S. strictum* og *S. papillosum*. Þessar lýsingar eru því gagnslausar til að greina annars vegar milli *S.*

apocarpum og *S. flexipile* og hins vegar milli *S. strictum* og *S. papillosum*.

Um íslensku nöfnin og þær breytingar sem þar eru gerðar er fjallað síðar í þessu hefti.

- A** Gró 15-28 μm . Stöku gró geta verið smærri hjá *S. agassizii*. - **B**.
- B** Rif nær fram í blaðenda eða fram úr blöðku, myndar oftast grænan eða brúnan, þykkann brodd á blöðin. Stundum enda blöð í litlausum hároddi. Í þverskurði af rífi er hópur af mjóum, þykkveggja frumum neðan miðjufrumna, oft einnig ofan þeirra. Strandtegund.
1. **Fjörukragi** - *Schistidium maritimum*
- BB** Rif endar fyrir neðan blaðenda eða nær fram í hann. Í þverskurði af rífi eru allar frumur svipaðar. Blöð ekki með hároddi. Plöntur vaxa í eða við ósalt vatn. - **C**.
- C** Blaðka flöt, eitt frumulag á þykkt. Blaðrönd nær undantekningarlaust eitt frumulag á þykkt.
4. **Svalkragi** - *Schistidium agassizii*
- CC** Blöð kjöluð framan til. Blaðka að einhverju leyti tvö frumulög á þykkt fremst í blaði. Blaðrönd greinilega útundin, tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. - **D**.
- D** Plöntur oft mikið greinóttar, oft yfir 3 sm. Stöngull oft blaðlaus neðan til. Blöð oft bogin og einhliðasveigð. Kvenhlífarblöð ná vel upp fyrir gróhirsluna. Yfirborðsfrumur stिल्s og gróhirslu með þykkum veggjum.
2. **Lækjakragi** - *Schistidium rivulare*
- DD** Plöntur lítið greinóttar, í mesta lagi 3 sm. Blöð jafndreifð um stöngul, upprétt, bein. Kvenhlífarblöð ná varla eða aðeins lítið upp fyrir gróhirsluna. Yfirborðsfrumur stिल्s og gróhirslu með þunnum veggjum.
3. **Bakkakragi** - *Schistidium platyphyllum*
- AA** Gró 8-15 μm . Eitt og eitt gró getur verið stærra, allt upp í 18 μm hjá sumum tegundum. - **E**.
- E** Blaðka vörtótt á bakhlið. - **F**.

- F** Framhluti blöðku tvö frumulög á þykkt að talsverðum hluta. Hároddur beinn. Blöð bein. Blaðka þéttvörtótt á báðum hliðum. Frumur í blaðmiðju og framhluta blaðs nánast kringlóttar, með lítið sem ekkert hnúðóttum veggjum. Kvenhlífarblöð stór og áberandi frábrugðin stöngulblöðunum.

9. **Örðukragi** - *Schistidium pruinosum*

- FF** Blaðka eitt frumulag á þykkt, getur verið tvö frumulög á smáblettum. Hároddur oftast bugðóttur. Blöð bein eða bogin. Frumur í blaðmiðju og oftast einnig í framhluta blaðs aflangar, með greinilega hnúðóttum veggjum. Kvenhlífarblöð stærri en stöngulblöðin en eru ekki áberandi frábrugðin þeim. - **G**.

- G** Fingerðar plöntur. Blöð í gormlaga röðum á stöngli, mjókka oft nokkuð snögglega fyrir ofan blaðgrunn. Blaðka með dreifðum, lágum vörtum. Lengd gróhirslu oftast 1.0-1.3 sinnum breidd. Kranstennur á þurrum, nýopnuðum gróhirslum útstæðar eða útundnar.

8. **Bollakragi** - *Schistidium strictum*

- GG** Fingerðar eða nokkuð stórgerðar plöntur. Blöð ekki í röðum á stöngli, mjókka smám saman frá blaðgrunni. Vörtur á blöðku oft þéttar og háar. Lengd gróhirslu oftast 1.5-2.3 sinnum breidd. Kranstennur á þurrum, nýopnuðum gróhirslum uppréttar eða útstæðar með uppsveigðum endum.

7. **Vörtukragi** - *Schistidium papillosum*

- EE** Blaðka slétt. Rif getur verið vörtótt á baki og blaðrönd getur verið vörtótt fremst. - **H**.

- H** Plöntur einkynja. Hefur ekki fundist með gróhirslum hér. Plöntur þráðlaga, mjög fingerðar en nokkuð langar.

18. **Þráðkragi** - *Schistidium tenerum*

- HH** Plöntur tvíkynja, oft með gróhirslum, fingerðar eða nokkuð stórvaxnar, ekki þráðlaga. - **I**.

- I** Enginn opkrans eða kranstennur innan við 150 μm á lengd. Yfirborðsfrumur á neðri hluta gróhirslu að mestu aflangar eða ferhyrndar, með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. - **J**.

- J** Plöntur svartleitar eða dökkbrúnar. Gróhirsla aflöng. Lok með trjónu. Opkrans nær upp fyrir gróhirsluop. Kranstennur þverstýfðar að framan.

17. **Skjónukragi** - *Schistidium atrofusum*

- JJ** Plöntur grænar eða ljósbrúnar. Gróhirsla hálfkúlulaga. Lok aðeins með smátotu. Opkrans vantar alveg eða hann nær ekki

upp fyrir gróhirsluop. Gróhirsla gulleit en gróhirsluop áberandi rautt.

14. **Perlukragi** - *Schistidium flaccidum*

- II** Gróhirsla með opkransi. Kranstennur yfir 150 μ m á lengd. - **K**.
- K** Yfirborðsfrumur um miðja gróhirslu og á neðri hluta hennar flestar aflangar, með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Töluverður hluti frumna getur verið með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en sá hluti er aldrei yfirgnæfandi. - **L**.
- L** Blaðrönd útundin næstum fram undir blaðenda. Hároddur fingerður, stuttur og mjór, áberandi mjórri en græni hluti blaðendans. Blaðka eitt frumulag á þykkt. Plöntur mjög smáar, innan við 1.5 sm.

10. **Smákragi** - *Schistidium dupretii*

- LL** Blaðrönd flöt framan til í blaði. Blaðka oftast tvö frumulög á þykkt að hluta í framhluta blaðs. - **M**.
- M** Hároddur þunnur og flatur, jafnvel himnukennður. Kranstennur oftast mjög götóttar. - **N**.
- N** Kranstennur rauðar. Frumur í neðri hluta blaðs með mjög hnúðóttum veggjum og eru í greinilegum röðum. Blaðrönd áberandi útundin í neðri hluta blaðs. Rif ekki mikið útstætt í framhluta blaða. Hároddur fintenntur.

12. **Heiðakragi** - *Schistidium venetum*

- NN** Kranstennur gular eða rauðgular. Frumur í neðri hluta blaðs ekki með áberandi hnúðóttum veggjum, ekki í greinilegum röðum. Blaðrönd flöt eða aðeins lítillega útundin í neðri hluta blaðs. Rif áberandi útstætt í framhluta blaðs, sérstaklega á kvenhlífarblöðunum og myndar greinilegan hrygg aftur úr bakhlið blaðanna. Hároddur gróftenntur.

13. **Gullinkragi** - *Schistidium confertum*

- MM** Hároddur grófur, ekki flatur eða hárodd vantar alveg. Kranstennur rauðar, heilar eða aðeins lítillega götóttar. - **O**.
- O** Blaðrönd oftast tennt eða vörtótt fremst í blaði en getur verið svo til slétt. Alltaf einhver blöð með hároddi. Hároddur sívalur framan til en nokkuð breiður og flatur neðan til, nær oft nokkuð niður eftir blaðröndinni, oftast beinn, grófur og stinnur. Kvenhlífarblöð lensulaga eða eggulensulaga, með útundnum blaðröndum, langydd.

15. **Brandakragi** - *Schistidium crassipilum*

- OO** Blaðrönd ótennt og slétt. Blöð oftast alveg án hárodds. Kvenhlífarblöð tungulaga, mjög kúpt, stuttydd eða snubbótt og blaðrendur flatar.

16. **Veggjakragi** - *Schistidium submuticum*

- KK** Yfirborðsfrumur um miðju og í neðri hluta gróhirslu flestar aflangar, með langhlíð þvert á lengdarás gróhirslu. - **P**.

- P** Plöntur smáar eða í meðallagi stórar. Blöð jöðruð neðan til af aflöngum, litlitlum frumum neðst í blaðrönd. Blaðgrunnur næstum ferhyrndur. Blöð oftast bein. (Blaðlöggun og jafnvel frumugerð getur minnt á *Grimmia affinis* eða *G. sessitana*). Frumur í blaðgrunni langar, með nokkurn veginn sléttum veggjum og mynda litlitið svæði. Þessar frumur eru með áberandi þynnri veggjum en þær frumur sem eru fyrir ofan og eru með hnúðóttum veggjum. Frumuveggir í framhluta blaðs oftast áberandi hnúðóttir. Kranstennur svo til beinar, heilar eða litlillega og óreglulega götóttar framan til.

11. **Grjótakragi** - *Schistidium frigidum*

- PP** Plöntur í meðallagi stórar eða stórar. Blöð ójöðruð. Blaðgrunnur egglega. Blöð oft bogin og einhlíðasveigð. Veggir frumna í blaðgrunni ekki áberandi þynnri en veggir þeirra frumna fyrir ofan sem eru með hnúðóttum veggjum. Kranstennur snúnar, oft með götum í langröðum langt niður. - **R**.

- R** Blaðrönd oftast tennt eða vörtótt fremst í blaði. Rif oftast vörtótt á baki. Frumuveggir í framhluta blaðs oft litið hnúðóttir. Hároddur nær oft nokkuð niður með blaðröndunum Blöð fyrir neðan kvenhlífarblöðin ekki breiðari en önnur stöngulblöð. Gróhirslur rauðar. Kranstennur rauðar, uppréttar eða útstæðar.

5. **Roðakragi** - *Schistidium apocarpum*

- RR** Blaðrönd slétt. Rif ekki vörtótt á baki. Frumur í framhluta blaðs með hnúðóttum veggjum. Hároddur nær ekki niður með blaðröndunum. Blöðin fyrir neðan kvenhlífarblöðin mun stærri og breiðari en önnur stöngulblöð og líkjast meira kvenhlífarblöðunum en stöngulblöðunum fyrir neðan. Gróhirslur gulbrúnar, brúnar eða rauðbrúnar. Kranstennur rauðgular eða rauðbrúnar, útstæðar eða baksveigðar.

6. **Holtakragi** - *Schistidium flexipile*

1. **Fjörukragi** - *Schistidium maritimum* (Turn.) Bruch et Schimp.
Sjá 24. hefti, 15. síðu.

2. **Lækjakragi** - *Schistidium rivulare* (Brid.) Podp.
Sjá 24. hefti, 18. síðu.

3. **Bakkakragi** - *Schistidium platyphyllum* (Mitt.) H. Perss.
Sjá 29. hefti, 108. síðu.

4. **Svalkragi** - *Schistidium agassizii* Sull. et Lesq.
Sjá 24. hefti, 21. síðu.

5. **Roðakragi** - *Schistidium apocarpum* (Hedw.) Bruch et Schimp.

Plöntur stórar eða í meðallagi stórar, nokkuð grófar, oftast 1.5-6 sm, grænar eða brúnleitar, nokkuð mikið greinóttar. Blöð upprétt, oftast bogin og einhliðasveigð, eggulaga, áberandi kjöluð framan til, oftast 1.9-2.6 mm. Hároddur oftast mjög stuttur, sjaldan yfir 300 µm, en alltaf má finna einhver blöð með vott af hároddi. Hároddur þunnur, oft bugðóttur, óreglulega tenntur neðan til en oft næstum sléttur framan til. Hároddur nær stundum nokkuð niður eftir blaðröndunum. Rif breitt, nær fram í blaðenda, með lágum vörtum fremst á baki. Vörtur ekki yfir 6 µm á hæð. Blaðrönd slétt eða tennt fremst í blaði, útundin næstum fram í blaðenda báðum megin. Blaðrönd getur þó verið flöt fremst í blaði öðrum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt framan til í blaði. Blaðka slétt, eitt frumulag á þykkt en smáblettir geta þó verið tvö frumulög á þykkt.

Frumur í framhluta blaðs með þykkum veggjum, ferningslaga, kringlóttar eða aflangar, oftast 8-10 x 5-10 µm. Veggir gulir, oftast lítið sem ekkert hnúðóttir en geta verið nokkuð greinilega hnúðóttir. Frumur í neðri hluta blaðs heldur lengri og breiðari, með hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið ferhyrndar, með sléttum eða svo til sléttum, frekar þykkum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd smáar, stuttar, með þykkum veggjum, skera sig ekki sérstaklega frá öðrum frumum í blaðrönd.


Kvenhlifarblöð áberandi stærri en stöngulblöðin en stöngulblöðin fyrir neðan þau ekki frábrugðin venjulegum stöngulblöðum. Plöntur tvíkynja.

Stilkur rauðgulur, oftast 250-500 µm. Gróhirsla dökkrauð, aflöng. Gamlar, tómar gróhirslur geta verið ljósari. Lengd gróhirslu 1.2-2.0 sinnum breidd. Gróhirsla breiðust við gróhirsluop. Lok með trjónu sem stundum er bein en stundum bogin. Yfirborðsfrumur um miðja gróhirslu og á neðri hluta hennar með þunnum veggjum en í


frumuhornunum eru veggir áberandi þykkir. Frumulögun breytileg á sömu gróhirslu. Oftast eru flestar frumur ferningslaga eða aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en innan um eru svæði þar sem aflangar frumur með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu eru áberandi. Varafrumur neðst á gróhirslu. Kranstennur rauðar, stundum uppréttar en oftast útstæðar með uppsveigðum, snúnum endum. Kranstennur langar og mjóar, oft næstum heilar en stundum með mjóum götum nálægt jöðrunum. Tennur þéttvörtóttar. Gró flest 11-14 μm .

Vex einkum á klettum, einnig á steiptum veggjum.

Útlitsteikning er af þurri plöntu. Neðra blaðið er teiknað frá neðra borði en efra blaðið frá efra borði. Til vinstri við það er hluti af þverskurði af blaði. Til vinstri við útlitsteikninguna er sýndur hároddur og fyrir ofan fjórir blaðendar. Efst er sýnd gróhirsla og yfirborðsfrumur um miðja gróhirslu. Tvær teikningar eru til viðbótar af yfirborðsfrumum frá miðju annarra gróhirslna.



1. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium apocarpum*.



2. mynd. Rođakragi - *Schistidium apocarpum*.

6. Holtakragi - *Schistidium flexipile* (Broth.) G. Roth

Plöntur í meðallagi stórar eða stórar, frekar grófgerðar, oftast 1.5-3.5 sm, oftast grænar efst, stundum brúngrænar, svartgrænar eða gulbrúnar en brúnar eða svartleitar neðan til. Blöð oftast nokkurn veginn upprétt, oft bogin og einhliðasveigð, stundum í nokkuð greinilegum röðum á stöngli. Blöð eggulags, kjöluð framan til, oftast 1.7-2.4 mm, mjókka stundum nokkuð snögglega ofan við blaðgrunninn. Alltaf virðist unnt að finna einhver blöð með hároddi en margar plöntur geta verið alveg án hans. Hároddur þunnur, oftast eitthvað bugðóttur, nær ekki niður eftir blaðröndum en fremsti hluti blöðku getur verið litlaus. Hároddur fintenntur á baki, oftast stuttur, sjaldan yfir 500 μ m en getur verið mun lengri á kvenhlífarblöðunum. Rif nær fram undir eða fram í blaðenda, slétt á baki. Blaðrendur sléttar, stundum með smávegis ójöfnum fremst. Blaðrönd útundin báðum megin fram undir blaðenda, stundum flöt neðan til öðrum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt framan til í blaði, getur verið fleiri frumulög á blettum. Blaðka eitt frumulag, slétt.

Frumur í framhluta blaðs með þykkum, hnúðóttum veggjum. Frumur aflangar, kringlóttar eða ferningslaga, oftast 8-10 x 6-15 μ m. Neðar í blaði eru frumur heldur lengri og breiðari. Frumur í blaðgrunni við rífið með frekar þunnum, sléttum eða nokkurn veginn sléttum veggjum, mynda oft nokkuð stórt svæði sem er litlitið og sker sig nokkuð greinilega frá efri hluta blaðsins. Frumur neðst í blaðrönd flestar ferningslaga, með frekar þykkum veggjum og skera sig ekki verulega frá frumum ofar í blaðröndinni. Frumur neðst í blaðrönd geta þó verið áberandi ljósari en frumurnar fyrir ofan.


Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð kúpt, stór, með útundnum blaðröndum. Stöngulblöð fyrir neðan kvenhlífarblöðin mun stærri og breiðari en önnur stöngulblöð og líkjast mun meira kvenhlífarblöðunum en stöngulblöðunum sem eru neðar á stönglinum. Nokkuð er mismunandi hversu mörg þessi stóru stöngulblöð eru. Sproti með kvenknappi eða gróhirslu er nokkuð sérkennilegur þegar horft er á hann frá hlið. Svo virðist sem kvenhlífarblöðin séu í mörgum þörum hvert niður af öðru. Efsti hluti slíks sprota er áberandi breiður og sívalur.

Stilkur gulur eða gulbrúnn, oftast 270-540 μ m. Gróhirsla gulbrún, brún eða rauðbrún, aflöng. Lengd hennar oftast 1.2-2.0 sinnum breidd. Lok með snubbóttri trjónu sem er bein eða bogin. Yfirborðsfrumur gróhirslu með þunnum veggjum sem eru greinilega þykkri í hornunum en annars staðar. Flestar yfirborðsfrumur um miðja gróhirslu og á neðri hluta hennar eru aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en innan um eru hópar af aflöngum frumum með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu og einnig eru oft nokkrar ferningslaga frumur innan um. Varufrumur neðst á gróhirslu. Kranstennur nokkuð langar, frekar snubbóttar, rauðgular


eða gulbrúnar, talsvert götöttar, snúnar. Á gróhirslum sem hafa nýlega opnast eru kransstennur oftast útstæðar eða dálítið baksveigðar. Sumar gróhirslur geta verið með næstum uppréttum tönnum. Gró finvörtótt, flest 12-16 μm , eitt og eitt gró getur verið upp í 18 μm . Nær alltaf með gróhirslum.

Vex á steinum og klettum, oft á steinum í fjallshlíðum, á melum og holtum, einnig á klettum við læki og sjó og í hraunum.

Útlitsteikning er af rakri plöntu. Horft er á neðra borð blaðsins. Hároddurinn er einnig teiknaður frá neðra borði. Fyrir ofan útlitsteikninguna er hluti af þverskurði af blaði. Þar fyrir ofan er sýndur sprotaendi með gróhirslu. Efst er gróhirsla með loki og yfirborðsfrumur gróhirslu eru sýndar.



3. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium flexipile*.



4. mynd. Holtakragi - *Schistidium flexipile*.

7. Vörtukragi - *Schistidium papillosum* Culm.


Mjög breytileg tegund. Plöntur smáar eða stórar, oftast 1-8 sm langar, rauðar, brúnar, brúngrænar eða grænar, geta verið svartleitar, jarðlægar, uppsveigðar eða uppréttar, stundum mikið greindar, stundum næstum ógreindar. Blöð oftast 2.0-2.6 mm, eggulagsulaga og langydd, upprétt eða útstæð, oftast bogin og oft einhliðasveigð á stönglum og greinum. Blöð ekki í röðum. Einhver blöð með hároddi. Hároddur upp í 700 μ m eða meira, oftast bugðóttur, mjór og þunnur, oftast nokkuð tenntur neðan til en oft næstum sléttur framan til. Tennur framstæðar eða útstæðar. Blöð mjókka smám saman frá blaðgrunni. Rif oftast rauðgult, nær fram undir eða fram í blaðenda, þéttvörtótt á baki. Vörtur eru oft langt niður eftir rifinu. Vörtur oft 6-10 μ m háar. Blaðrönd vörtótt eða tennt fremst, útundin eftir öllu blaðinu eða í neðra helmingi blaðs. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. Blaðka eitt frumulag, getur verið tvö frumulög á smáblettum. Blaðka þéttvörtótt á baki. Vörtur oft 4-8 μ m á hæð. Á efra borði geta verið dreifðar vörtur, einkum við blaðröndina.

Frumur í framhluta blaðs oftast 8-10 x 7-20 μ m, með þykkum eða mjög þykkum, gulum eða rauðgulum, hnúðóttum veggjum. Í neðri hluta blaðs eru frumur heldur lengri, með þykkum, hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið með þykkum veggjum sem oftast eru sléttir en geta verið örllítið hnúðóttir. Frumur neðst í blaðrönd flestar nokkurn veginn ferningslaga, með þykkum veggjum, skera sig ekki sérstaklega frá öðrum frumum í blaðrönd.


Plöntur tvíkynja. Stilkur beinn, rauður eða rauðbrúnn, 300-600 μ m. Gróhirsla rauð eða rauðbrún, getur verið gulbrún, aflöng. Lengd gróhirslu oftast 1.5-2.0 sinnum breidd. Gróhirslur eru stundum hlutfallslega styttri, allt niður í það að vera næstum jafn breiðar og þær eru langar. Yfirborðsfrumur um miðja og neðri hluta gróhirslu flestar ferhyrndar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu. Veggir frekar þykkir, oftast greinilega þykkir í hornunum en annars staðar. Varafrumur neðst á gróhirslu. Þurrar kranstennur á gróhirslum sem hafa nýlega opnast uppréttar eða útstæðar með uppsveigðum endum. Kranstennur rauðar, þéttvörtóttar, langar, snúnar. Gamlar tennur geta verið rauðbrúnar eða brúnar. Tennur oft svo til heilar en geta verið með greinilegum, mjóum götum. Tennur á þurrum, gömlum og tómum gróhirslum geta verið útundnar. Lok með trjónu sem oftast er greinilega bogin. Gró flest 10-12 μ m, sum aðeins um 9 μ m og eitt og eitt gró getur verið upp í 14 μ m. Gró fínvörtótt. Oftast með gróhirslum.

Vex á steinum og klettum, í hraunum, urðum og skriðum. Vex einnig á steiptum veggjum. Getur vaxið á sandi eða á mjög sendnum jarðvegi.

Útlitsteikning er af þurri plöntu. Horft er á efra borð blaðsins. Efst til hægri eru sýndir tveir hároddar. Til vinstri fyrir ofan útlitsteikninguna er þverskurður af blaði en til hægri efsti hluti sprota með gróhirslu þar sem sést í gróhirsluna milli kvenhlífarblaðanna. Efst til vinstri er opin, þurr gróhirsla og sýndar eru yfirborðsfrumur gróhirslu.



5. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium papillosum*.



6. mynd. Vörtukragi - *Schistidium papillosum*.

8. **Bollakragi** - *Schistidium strictum* (Turn.) Mårt.


Plöntur fingerðar eða í meðallagi stórar, 1.5-7 sm langar, oftast mikið greinóttar, jarðlægar eða uppsveigðar, oft með útstæðum eða uppréttum greinum, brúnar, rauðbrúnar eða brúngrænar, geta verið grænar efst. Blöð í gormlaga röðum á stöngli en þetta einkenni er ekki alltaf áberandi. Blöð upprétt, bein eða örlítið bogin, egglesulaga, mjókka oft nokkuð snögglega frá egglega grunni fram í mjóan, yddan framhluta, oftast 1.6-2.3 mm. Alltaf einhver blöð með hároddi. Hároddur upp í 600 μm , mjór frá grunni og þunnur, með framstæðum eða útstæðum tönnum neðan til en oft næstum sléttur framan til, oft bugðóttur. Rif oft rauðgult eða rauðleitt, nær fram í eða fram undir blaðenda, vörtótt á baki, einkum framan til. Vörtur lágur, ekki yfir 6 μm á hæð. Bláðrendur óreglulega vörtóttar eða tenntar fremst, útundnar, stundum fram undir blaðenda, stundum aðeins í neðsta þriðjungi blaðs, tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. Bláðka eitt frumulag á þykkt. Blettir sem eru tvö frumulög geta komið fyrir. Bláðka vörtótt á bakhlið, stundum eru einnig örfáar vörtur á efra borði. Vörtur dreifðar og lágur, ekki yfir 4 μm á hæð.

Frumur í framhluta blaðs oftast 7-9 x 9-18 μm , með þykkum eða mjög þykkum, gulum eða rauðgulum, hnúðóttum veggjum. Í neðri hluta blaðs eru frumur heldur lengri, með þykkum, hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið með sléttum, þykkum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd nokkurn veginn ferningslaga, með þykkum veggjum, skera sig ekki sérstaklega frá öðrum frumum í blaðrönd.


Plöntur tvíkynja. Stilkur beinn, 240-600 μm , rauðgulur eða rauðbrúnn. Gróhirsla rauð eða rauðbrún, egglega eða næstum hálfkúlulaga. Lengd gróhirslu oftast 1.0-1.3 sinnum breidd. Yfirborðsfrumur gróhirslu með frekar þykkum veggjum og eru veggir oftast greinilega þykkri í hornunum en annars staðar. Flestar yfirborðsfrumur um miðja gróhirslu aflangar, með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en þær eru nokkuð breytilegar að stærð og lögun. Þurrar kranstennur á gróhirslum skömmu eftir að þær hafa opnast útstæðar eða útundnar, snúnar, langar, næstum heilar, þéttvörtóttar, rauðar. Gamla tennur oft ljósari, rauðbrúnar, brúnar eða gulbrúnar. Lok með trjónu. Gró flest 12-14 μm , einstaka gró getur verið upp í 16 μm , jafnvel upp í 18 μm . Oftast með gróhirslum.

Vex oftast á skuggsælum stöðum, einkum á móbergsklettum, í hellisskútum og í hraunbollum.


Útlitsteikning er af þurri plöntu. Horft er á efra borð blaðsins. Fyrir ofan það eru sýndir tveir hároddar. Vinstra megin fyrir ofan útlitsteikninguna er þverskurður sem tekinn er framarlega í blaði. Þar fyrir ofan er efsti hluti af sprota með gróhirslu. Til vinstri er opin, þurr gróhirsla. Einnig eru sýndar yfirborðsfrumur gróhirslu og varafumur. Efst til vinstri eru sýndar þrjár kranstennur.



7. mynd. Bollakragi - *Schistidium strictum*.



8. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium strictum*.



9. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium pruinosum*.

9. Örðukragi - *Schistidium pruinatum* (Schimp.) G. Roth

Plöntur í meðallagi stórvaxnar, oftast 1-2 sm, mikið greinóttar, brúngrænar efst en brúnar neðan til. Blöð upprétt, bein, langegglega, oftast um 2 mm eða lítið eitt lengri. Hároddur á einhverjum blöðum, uppréttur, beinn, nokkuð grófur. Hároddur á íslenskum eintökum oftast stuttur, varla yfir 600 μm . Hároddur þétttenntur neðan til en með dreifðum tönnum framan til. Rif breitt, nær fram í blaðenda, þéttvörtótt á baki. Vörtur ekki yfir 6 μm á hæð. Blaðrönd oftast útundin fram í blaðenda, slétt eða aðeins litillega örðótt fremst, tvö frumulög á þykkt framan til í blaði, alloft þrjú frumulög. Blaðka tvö frumulög að verulegum hluta framan til í blaði, nokkuð þéttvörtótt bæði á efra og neðra borði. Vörtur innan við 5 μm á hæð en þær eru breiðar. Hæð og breidd er svipuð.


Frumur í framhluta blaðs með frekar þykkum veggjum, oftast næstum kringlóttar eða ferningslaga, oftast 6-9 x 4-10 μm . Veggir lítið sem ekkert hnúðóttir. Frumur í neðri hluta blaðs lengri, oft með dálítið hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við riflið með frekar þykkum eða þunnum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd stuttar, með þykkum veggjum, skera sig ekki frá öðrum frumum í blaðrönd.

Plöntur tvíkynja. Kvenhlifarblöð stór og breið og mjög áberandi, með útundnum blaðröndum og oft nokkuð greinilegum langfellingum.

Stilkur rauðgulur eða rauðbrúnn, oftast 250-450 μm . Gróhirsla rauð eða rauðbrún, aflöng, áberandi glansandi. Gamlar gróhirslur geta verið ljósbrúnar eða gulbrúnar. Lengd gróhirslu oftast 1.4-1.7 sinnum breidd. Yfirborðsfrumur gróhirslu með frekar þunnum veggjum sem eru áberandi þykkri í hornunum. Flestar yfirborðsfrumurnar eru aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en einnig eru oft allmargar aflangar frumur með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Kranstennur langar, rauðar eða rauðleitar. Á ungum og þurrum gróhirslum eru tennur útstæðar eða útundnar, snúnar. Tennur næstum heilar neðan til en með mörgum mjóum götum í efri hluta, áberandi punktstrikóttar, lárétt neðst en lóðrétt framan til. Lok með trjónu. Gró 10-14 μm . Oftast með gróhirslum.

Hefur fundist hér á steiptum stólpa.

Útlitsteikning er af raki plöntu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Til hægri er sýndur hároddur. Efst eru hlutar af þrem þverskurðum af blöðum.



10. mynd. Örðukragi - *Schistidium pruinolum*.

10. **Smákragi** - *Schistidium dupretii* (Thér.) W.A. Weber

Plöntur mjög smáar, 0.3-1.2 sm, brúnar eða dökkgrænar, oftast lítið greinóttar. Neðri blöð upprétt eða nokkuð útstæð en blöðin fyrir neðan kvenhlífarblöðin aðlæg. Blöð eggulagslaga, oftast 1.2-1.7 mm. Neðri blöðin hlutfallslega mjórri en efri blöðin. Hárodd vantar á flest blöð en oftast má finna einhver blöð sem eru með hároddi. Hann er alltaf stuttur, mjór og beinn. Hároddur sléttur eða tenntur. Hároddur á íslenskum eintökum ekki yfir 50 μm . Rif slétt, nær fram í blaðenda eða endar fyrir neðan hann. Blaðrönd útundin. Oftast er blaðrönd útundin báðum megin næstum fram að blaðenda en stundum er hún flöt í fremsta fjórðungi öðrum megin. Á blöðum neðan til á stöngli er blaðrönd stundum aðeins útundin um blaðmiðju eða að mestu leyti flöt. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. Blaðka slétt, eitt frumulag. Blaðendar eru oft litlausir þótt þeir séu án hárodds.

Frumur í framhluta blaðs kringlóttar, sporlaga eða ferningslaga, með næstum sléttum eða dálítið hnúðóttum veggjum. Frumur í framhluta blaðs oftast um $9 \times 6-12 \mu\text{m}$. Frumur neðar í blaði lengri, með þykkum, talsvert hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið ferhyrndar, með frekar þykkum, sléttum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd ferningslaga, ferhyrndar eða aflangar með langhlið þvert á blaðrönd. Í blöðum sem eru með flatrí blaðrönd neðan til getur verið ræma neðst í blaðrönd sem er nokkuð áberandi litlital.


Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð löng og mjó, ydd, ekki áberandi kúpt. Blaðrendur útundnar framan til í blaði. Kvenhlífarblöð oftast án hárodds en hároddur er stundum á þeim en hann er alltaf stuttur og mjór.

Stilkur gulur, 300-500 μm . Gróhirsla brún eða rauðbrún, aflöng. Lengd hennar er oftast 1.4-2.0 sinnum breidd. Gróhirslur geta verið hlutfallslega styttri, lengd þeirra aðeins 1.2 sinnum breidd. Geta slíkar gróhirslur verið bollalaga eða trektlaga þegar þær eru þurrar. Gróhirslur oft áberandi langrákóttar eftir að þær hafa opnast. Lok með trjónu sem er skástæð eða bein. Yfirborðsfrumur gróhirslu óreglulegar, aflangar, ferningslaga eða aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu. Einna mest er af aflöngum, ferhyrndum frumum sem eru með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Frumur eru með þunnum veggjum en veggir eru greinilega þykkri í frumuhornunum en annars staðar. Frumuveggir eru oftast nokkuð áberandi misþykkir. Þannig getur langveggur frumu verið frekar þykkur en langveggurinn hinum megin verið áberandi þunnur. Einnig getur hluti langveggjar verið frekar þykkur en hinn hluti hans áberandi þunnur. Neðan til á gróhirslu eru oftast rákir sem eru myndaðar af mjóum og löngum, stundum samföllnum frumum. Varafrumur neðst á gróhirslu. Kranstennur rauðar eða rauðbrúnar, frammjóar, oftast heilar en geta verið dálítið götóttar. Á nýopnuðum, þurrum gróhirslum eru tennur


útstæðar en þær verða síðan baksveigðar. Gró svo til slétt, 8-12 μm . Oftast með gróhirslum.

Hefur fundist hér á steiptum veggjum.

Útlitsteikning er af rakri plöntu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Til hægri við það er kvenhlífarblað teiknað frá neðra borði en til vinstri þverskurður af blaðrönd. Fyrir ofan blaðið eru sýndir tveir hároddar. Til vinstri eru þrjár gróhirslur. Ein er sýnd á sprotanum, önnur þurr og opin og hin þriðja rök og með loki. Efst eru þrjár teikningar af yfirborðsfrumum gróhirslu.



11. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium dupretii*.



12. mynd. Smákragi - *Schistidium dupretii*.

11. Grjótakragi - *Schistidium frigidum* Blom


Plöntur í meðallagi stórar eða smáar, 0.8-3.0 sm, oftast lítið greinóttar, grænar, brúnleitar eða svartleitar efst, stundum gráleitar. Breytileg tegund. Blöð oftast í nokkuð greinilegum, gormlaga röðum á stöngli, stundum einhliðasveigð, upprétt, eggulensulaga eða lensulaga, kjöluð, oftast 1.3-2.0 mm. Blað mjókkar ekki mikið niður að blaðgrunni og er því neðsti hluti blaðs áberandi ferhyrndur og blaðrendur þar næstum samsíða. Alltaf einhver blöð með hároddi. Hároddur mjór og þunnur, oft nokkuð langur, getur orðið 750 μ m eða meira, oftast beinn en getur verið örllítið bugðóttur, tenntur, með nokkuð grófum en stuttum tönnum. Hároddur nær stundum talsvert niður eftir blaðröndunum. Rif slétt, nær fram í blaðenda. Blaðrönd slétt, útundin báðum megin í neðri hluta blaðs en flöt fremst. Blaðrönd getur verið svo til flöt öðrum megin eða aðeins útundin um blaðmiðju. Við blaðgrunn er blaðrönd oftast útundin öðrum megin en flöt hinum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. Blaðka slétt, eitt frumulag á þykkt, sjaldan með smáblettum sem eru tvö frumulög.

Frumur í framhluta blaðs með þykkum veggjum, oft mjög þykkum. Frumuveggir áberandi hnúðóttir. Frumur aflangar eða sporlaga, oftast 7-9 x 10-18 μ m. Frumur neðar í blaði lengri, með þykkum, hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið aflangar, með sléttum eða svo til sléttum veggjum. Veggir þunnir og áberandi þynnri en á frumunum fyrir ofan. Frumurnar við rífið eru oft litlitar og mynda vel afmarkað, litlitið svæði báðum megin rífs. Frumur neðst í blaðrönd litlitar, oftast ferhyrndar og nokkuð langar, með þykkum þverveggjum. Þessar frumur mynda oftast nokkuð áberandi jaðar upp eftir blaðröndinni.


Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð upprétt, bein, stíf, löng og mjó, oftast með nokkuð löngum hároddi. Blaðrendur útundnar í framhluta blaðs. Kvenhlífarblöðin hylja oftast gróhirsluna algerlega. Stilkur gulur, oftast 200-500 μ m. Gróhirsla rauðgul eða rauðbrún, aflöng. Lengd hennar oftast 1.3-1.7 sinnum breidd en stundum er lengd álíka og breidd. Lok með snubbóttri trjónu sem oftast er bein. Yfirborðsfrumur gróhirslu með þunnum veggjum. Hornin eru stundum nokkuð greinilega þykkri. Flestar frumur aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu en aðrar eru ferningslaga eða aflangar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Varafrumur neðst á gróhirslu. Kranstennur rauðgular eða rauðbrúnar, með ójöfnum jöðrum, oftast næstum heilar en stundum litillega götóttar eða klofnar. Á nýopnuðum gróhirslum eru tennur útstæðar en þær verða útundnar með aldrinum. Gró næstum slétt, flest 9-13 μ m. Oftast með gróhirslum.

Vex oft á grjóti á bersvæði til fjalla og á steinum á snjódældarsvæðum, einnig á steinum á melum og í fjallshlíðum, á klapparholtum og á klettum við ár og læki.

Útlitsteikningar eru af rökum plöntum. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Fyrir ofan það er sýndur hároddur. Fyrir ofan útlitsteikningarnar er þverskurður af blaðrönd. Efst til vinstri eru tvær gróhirslur og yfirborðsfrumur gróhirslu.



13. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium frigidum*.



14. mynd. Grjótakragi - *Schistidium frigidum*.

12. Heiðakragi - *Schistidium venetum* Blom

Plöntur í meðallagi stórar, oftast 1.5-2.5 sm, óreglulega greinóttar, grænar eða blágrænar efst. Kvenhlífarblöð oft gulbrún. Blöð upprétt eða aðlæg, í nokkuð greinilegum röðum á stöngli, oftast bein, eggulensulaga, oftast 1.1-1.5 mm. Einhver blöð með hároddi. Hároddur stuttur, ekki yfir 120 μm á íslenskum eintökum, mjög breiður neðst, flatur, beinn, sléttur eða með smáum, snubbóttum tönnum. Fremsti hluti blöðku oft litlaus. Rif slétt, nær stundum fram í blaðenda en endar stundum nokkuð fyrir neðan hann. Blaðrönd slétt, útundin í neðri hluta blaðs en flöt í að minnsta kosti fremsta fjórðungi blaðs, tvö frumulög á þykkt í framhluta og miðhluta blaðs, getur verið fleiri frumulög. Blaðka slétt, oft að miklu leyti tvö frumulög framan til en getur verið að mestu eitt frumulag en er þá með blettum sem eru tvö frumulög.


Frumur í framhluta blaðs með þykkum, hnúðóttum veggjum, kringlóttar eða stuttar og ferhyrndar, oftast 6-8 x 6-12 μm . Í neðri hluta blaðs eru frumur lengri, með þykkum, gulum, hnúðóttum veggjum. Þar sem blaðið er breiðast eru frumur í reglulegum, skástæðum röðum upp og út frá rífi. Frumur í blaðgrunni við rífið með frekar þykkum veggjum sem eru sléttir eða lítilla holóttir. Þessar frumur geta myndað litlitol svæði næst rífinu. Frumur neðst í blaðrönd stuttar og ferhyrndar, ferningslaga eða aflangar með langveggi þvert á blaðrönd. Þessar frumur skera sig ekki verulega frá öðrum frumum í blaðrönd en þó getur ysta frumuröðin verið áberandi litlitol.

Plöntur tvikynja. Kvenhlífarblöð miklu stærri en stöngulblöðin, með útundnum blaðröndum. Kvenhlífarblöðin eru með nokkuð greinilegum langfellingum. Stilkur gulur eða rauðgulur, oftast 400-500 μm . Gróhirsla gulbrún eða rauðbrún, aflöng. Lengd hennar oftast um 1.4 sinnum breidd. Lok með beinni trjónu. Yfirborðsfrumur gróhirslu með þunnum veggjum. Um miðhluta gróhirslu eru yfirborðsfrumurnar mismunandi lagaðar, flestar eru ferhyrndar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu en innan um eru ferningslaga frumur og einnig ferhyrndar frumur með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu. Varafrumur neðst á gróhirslu. Kranstennur rauðar. Gamlar tennur oftast gulbrúnar. Á nýopnuðum gróhirslum eru tennur uppréttar. Þær verða síðan útstæðar og á gömlum gróhirslum eru tennur baksveigðar. Tennur óreglulegar og brotgjarnar, beinar, þéttvörtóttar. Jaðrar tanna óreglulegir og tennur eru mjög götöttar og oft óreglulega klofnar fremst. Gró slétt eða svo til slétt, 8-10 μm .


Vex á rökum klettum, oft við ár og læki.

Útlitsteikning er af rakri plöntu. Fyrir ofan hana er sýndur þurr sprotaendi með gróhirslu. Þar fyrir ofan gróhirsla með loki og

yfirborðsfrumur gróhirslu. Teikningin til hægri sýnir frumugerð annars staðar í sömu hæð á sömu gróhirslu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Fyrir ofan það er sýndur hároddur. Efst til hægri er hluti af þverskurði af blaði. Efst til vinstri er kranstönn teiknuð frá innra borði. Tönnin er með áberandi vörtum sem eru ekki teiknaðar.



15. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium venetum*.



16. mynd. Heiðakragi - *Schistidium venetum*.

13. **Gullinkragi** - *Schistidium confertum* (Funck) Bruch et Schimp.

Smáar plöntur, 0.5-2.0 sm, talsvert greinóttar, grænar, gulbrúnar, stundum svartleitar eða gráleitar efst. Blöð upprétt, þéttstæð, bein oftast eggulagslaga, 0.9-1.7 mm. Alltaf einhver blöð með hároddi. Hároddur flatur og þunnur, næstum himnukenndur, beinn eða óreglulega boginn, hvasstenttur, getur orðið upp í 450 μ m. Hároddur á kvenhlifarblöðunum getur orðið talsvert lengri. Hároddur nær ekki niður eftir blaðröndunum. Rif slétt, nær stundum fram í blaðenda en endar stundum talsvert fyrir neðan hann. Þegar horft er á bakhlið blaðs er rífið mjög hátt og áberandi í framhluta blaðs. Þetta er sérstaklega áberandi á kvenhlifarblöðunum þar sem rífið myndar háan hrygg á bakhliðinni. Blaðrönd slétt, útundin upp fyrir blaðmiðju öðrum megin, stundum útundin langleiðina fram undir blaðenda og aðeins flöt í fremsta fjórðungi blaðs eða svo. Hinum megin er blaðrönd flöt eða aðeins útundin um blaðmiðju. Blaðrönd getur verið svo til flöt báðum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt framan til, getur verið þrjú frumulög á blettum. Blaðka slétt, oftast eitt frumulag með blettum sem eru tvö frumulög í framhluta blaðs.

Frumur í framhluta blaðs kringlóttar, ferningslaga eða sexhyrndar, geta verið aflangar með langhlið þvert á rif. Veggir þykkir, svo til sléttir. Frumur í framhluta blaðs oftast 6-8 x 5-12 μ m. Frumur í neðri hluta blaðs heldur lengri en þó stuttar. Frumur í blaðgrunni við rífið vel aðgreindar frá öðrum frumum, aflangar með sléttum veggjum, mynda stundum litlitol svæði báðum megin rífs. Frumur neðst í blaðrönd ferningslaga eða ferhyrndar með þykkum þverveggjum, oft litlitolar og mynda nokkuð greinilega afmarkaðan frumuhóp.

Plöntur tvíkynja. Kvenhlifarblöð frekar mjó og ekki mjög frábrugðin stöngulblöðunum. Stilkur gulur, 100-300 μ m. Gróhirsla gul, rauðgul eða gulbrún, eggulaga eða aflöng. Lengd hennar oftast 1.0-1.5 sinnum breidd. Lok með snubbótri trjónu sem oftast er bein en getur verið skástæð. Yfirborðsfrumur gróhirslu oftast með þykkum veggjum en þeir geta verið frekar þunnir. Veggir þykkri í frumuhornunum en annars staðar en að öðru leyti jafnþykkir. Flestar frumur ferhyrndar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu en innan um eru hópar af ferningslaga frumum og frumum sem eru með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu. Kranstennur gular eða rauðgular, beinar, mjög götóttar eða klofnar. Á nýopnuðum gróhirslum eru tennur uppréttar eða dálítið útstæðar en þær verða síðan útstæðar eða baksveigðar. Gró slétt eða næstum slétt, 8-12 μ m. Nær alltaf með gróhirslum.


h et Schimp.

ænar, gulbrúnar,
tt, þéttstæð, bein
löð með hároddi.
ndur, beinn eða
50 μm . Hároddur
ároddur nær ekki
am í blaðenda en
horft er á bakhlíð
blaðs. Þetta er
em rífið myndar
pp fyrir blaðmiðju
ndir blaðenda og
Hinum megin er
örönd getur verið
þykkt framan til,
fast eitt frumulag


eða sexhyrndar,
fir þykkir, svo til
2 μm . Frumur í
ur í blaðgrunni við
sléttum veggjum,
Frumur neðst í
þverveggjum, oft
uhóp.

l mjög frábrugðin
úrsla gul, rauðgul
st 1.0-1.5 sinnum
ein en getur verið
kum veggjum en
muhornunum en
umur ferhyrndar
um eru hópar af
langhlíð þvert á
dlar, beinar, mjög
tennur uppréttar
eða baksveigðar.
gróhirsllum.


í frá neðra borði.
ru hároddar. Sá
eiknuð. Efst er
eru sýndar.



17. mynd. Gullinkragi - *Schistidium confertum*.



18. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium confertum*.



19. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium flaccidum*.

14. **Perlukragi** - *Schistidium flaccidum* (De Not.) Ochyra


Plöntur í meðallagi stórar eða frekar smáar, oftast 1-2 sm, dökkgrænar eða svartleitar, stundum gráleitar. Blöð upprétt eða aðlæg, eggulaga, kjöluð framan til, 1-2 mm. Einhver blöð með hároddi. Hároddur flatur, oftast breiður neðst, nær ekki eða lítið niður eftir blaðrönd en fremsti hluti blöðku er oft einnig líflaus. Hároddur getur verið 600 μm eða meira, tenntur og nokkuð hvasstentur á bakhlið. Rif slétt, nær fram undir eða fram í blaðenda. Blaðrönd slétt, flöt neðst en annars oftast útundin fram undir blaðenda báðum megin. Blaðrönd er stundum aðeins útundin um blaðmiðju öðrum megin en fram undir blaðenda hinum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt fremst í blaði. Blaðka slétt, oftast aðeins eitt frumulag en getur verið tvö á blettum.

Frumur í framhluta blaðs með þykkum, sléttum eða aðeins lítillaga hnúðóttum veggjum, næstum ferningslaga eða kringlóttar, oftast 7-9 x 6-12 μm . Í neðri hluta blaðs eru frumur lengri, með dálítið hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við rífið ferhyrndar, oftast með sléttum veggjum en langveggir geta verið með greinilegum hnúðum. Frumur neðst í blaðrönd líflitlar, stuttar og ferhyrndar eða ferningslaga, með þykkum þverveggjum.

Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð mun stærri en stöngulblöðin, oft 2-3 mm eða meira, kúpt, með tveim nokkuð greinilegum langfellingum og útundinni blaðrönd. Séð frá hlið er gróhirslan alveg hulin af kvenhlífarblöðunum. Stilkur gulur, oftast 100-300 μm . Gróhirsla gulleit eða ljósbrún, oftast nálægt því að vera hálfkúlulaga. Breidd hennar nálægt því að vera jöfn lengdinni. Gróhirsluop áberandi rauðgult eða rautt. Þurr gróhirsla með víðu opi. Lok dálítið kúpt, með stuttri totu. Yfirborðsfrumur gróhirslu með þunnum veggjum. Um miðju og neðri hluta gróhirslu eru yfirborðsfrumur aflangar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Opkrans enginn eða það stuttur að hann nær ekki upp fyrir gróhirsluop. Tennur gular. Örsjaldan sést örlítið í þær upp fyrir gróhirsluopið. Gró 8-10 μm . Alltaf með gróhirslum.

Vex á steinum og klettum.

Útlitsteikning er af rakri plöntu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Fyrir ofan það er hluti af þverskurði af framhluta blaðs, hároddur teiknaður frá bakhliðinni og lengst til hægri kvenhlífarblað teiknað frá neðra borði. Efst er gróhirsla, lok og yfirborðsfrumur gróhirslu.



20. mynd. Perlukragi - *Schistidium flaccidum*.

15. Brandakragi - *Schistidium crassipilum* Blom


Plöntur oftast í meðallagi stórar en geta verið frekar smáar, oftast 1.0-3.0 sm, brúnar, brúngrænar eða dökkgrænar efst, frekar litíð greinóttar en oft með löngum greinum. Blöð í nokkuð greinilegum, gormlaga röðum á stöngli. Þetta er oft greinilegt á þurrum plöntum. Blöð oftast 1.5-2.4 mm, oftast bein, eggulaga, áberandi kjöluð framan til. Alltaf einhver blöð með hároddi sem getur orðið 550 μ m eða meira og enn lengri á kvenhlífarblöðunum. Hároddur uppréttur, oftast beinn, grófur og stinnur. Hann er oftast flatur neðst en sívalur framan til, nær stundum talsvert niður eftir blaðröndunum. Hároddur er oftast hvasstentur, sérstaklega á baki. Neðan til eru tennur oft í greinilegum þörum. Rif nær fram í blaðenda, oft litillega vörtótt eða örðótt framan til á baki. Blaðrönd oftast tennt eða vörtótt fremst í blaði en getur verið svo til slétt. Blaðrönd útundin í neðri hluta blaðs. Oft er hún útundin öðrum megin langt upp eftir blaði en aðeins útundin í hluta blaðs hinum megin. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs, getur verið þrjú frumulög. Þykka ræman í blaðrönd oft 2-4 frumuraða breið. Blaðka slétt, oft að mestu tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs en er stundum að mestu eitt frumulag en er þá með blettum sem eru tvö frumulög.

Frumur í framhluta blaðs kringlóttar eða nálægt því, með þykkum, gulleitum, nokkurn veginn sléttum veggjum, oftast 8-10 x 6-10 μ m. Frumur í neðri hluta blaðs lengri, með þykkum, hnúðóttum veggjum. Frumur í blaðgrunni við riflið ferhyrndar og aflangar, með þykkum, sléttum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd oftast ferningslaga, með þykkum þverveggjum, mynda stundum allgreinilegan, að mestu einnar frumu breiðan, litlitinn jaðar upp eftir blaðröndinni.


Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð ná langt upp fyrir gróhirsluna. Stilkur gulur eða rauðgulur, oftast 300-600 μ m. Gróhirsla aflöng, gulbrún, brún eða rauðbrún. Lengd hennar oftast 1.4-1.8 sinnum breidd. Lok kúpt, með langri, beinni eða skástæðri trjónu. Yfirborðsfrumur gróhirslu flestar aflangar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu. Veggir þykkir og að mestu jafnþykkir. Innan um eru frumur sem eru aflangar með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu og ferningslaga frumur. Varafrumur engar eða fáar. Kranstennur rauðar, langar, næstum heilar en geta verið dálítið götóttar. Tennur oft áberandi punktstríkóttar eða stríkóttar. Tennur á nýopnuðum gróhirslum uppréttar eða dálítið útstæðar en verða fljótlega útstæðar eða baksveigðar. Gró finvörtótt, 9-15 μ m. Nær alltaf með gróhirslum.

Vex á steiptum veggjum og í klettum.


Útlitsteikning er af rakri plöntu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Vinstra megin við það eru sýndir tveir hároddar en fyrir ofan það hluti af þverskurði af blaði. Efst er sýnd þurr, opin gróhirsla og yfirborðsfrumur.



21. mynd. Brandakragi - *Schistidium crassipilum*.



22. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium crassipilum*.



23. mynd. Þekkt útbreiðsla *Schistidium submuticum*.

16. **Veggjakragi** - *Schistidium submuticum* Blom

Plöntur smáar, 0.8-1.0 sm, grænar eða brúnar efst, brúnar neðan til, lítið greinóttar. Blöð í greinilegum, gormlaga röðum á stöngli. Sést þetta vel á þurrum plöntum. Blöð eggлага eða eggulagslaga, oftast 1.2-1.5 mm. Enginn hároddur. Rif slétt, endar fyrir neðan blaðenda. Blaðrendur sléttar. Öðrum megin er blaðrönd útundin í neðri hluta blaðs en er flöt í fremsta fjórðungi blaðs eða meira. Hinum megin er blaðrönd flöt eða útundin á stuttu bili. Blaðrönd tvö frumulög á þykkt í framhluta blaðs. Blaðka slétt, eitt frumulag á þykkt. Frumur í framhluta blaðs oftast um 9 x 6-10 µm, ferningslaga, sporlaga aflangar eða kringlóttar, með þunnum eða þykkum, aðeins litillega hnúðóttum veggjum. Frumur neðar í blaði ferhyrndar, með hnúðóttum veggjum og eru í greinilegum röðum. Frumur í blaðgrunni við rífið ferhyrndar, með frekar þunnum veggjum. Frumur neðst í blaðrönd ferningslaga eða stuttar og ferhyrndar, skera sig ekki sérstaklega frá öðrum frumum í blaðrönd.

Plöntur tvíkynja. Kvenhlífarblöð stór, tungulaga, mjög kúpt, stuttydd eða snubbótt. Rif endar fyrir neðan blaðenda. Hároddur enginn. Blaðrendur flatar.


Stílkur gulur, oftast 300-400 µm. Gróhirsla gulbrún eða brún, aflöng. Lengd hennar er oftast 1.3-1.6 sinnum breidd. Lok með beinni eða skástæðri trjónu. Yfirborðsfrumur gróhirslu flestar ferhyrndar með langhlið samsíða lengdarási gróhirslu en innan um eru ferningslaga frumur og frumur sem eru með langhlið þvert á lengdarás gróhirslu. Frumuveggir þunnir. Kranstennur rauðar, langar, heilar eða litillega götóttar. Jaðrar tanna reglulegir. Á nýopnuðum gróhirslum eru tennur útstæðar eða baksveigðar. Varafrumur neðst á gróhirslu. Gró 10-14 µm. Nær alltaf með gróhirslum.

Vex á steiptum veggjum.

Útlitsteikning er af rakri plöntu. Blaðið er teiknað frá neðra borði. Fyrir ofan það til vinstri er þverskurður af blaðrönd. Efst til vinstri er sýnd gróhirsla með loki og yfirborðsfrumur gróhirslu. Til hægri á myndinni eru sýnd tvö kvenhlífarblöð. Neðra blaðið er teiknað frá efra borði en efra blaðið er teiknað frá hlið.

17. **Skjónukragi** - *Schistidium atrofusum* (Schimp.) Limpr.
Sjá 24. hefti, 23. síðu.

18. **Þráðkragi** - *Schistidium tenerum* (Zett.) Nyh.
Sjá 24. hefti, 43. síðu.



24. mynd. Veggjakragi - *Schistidium submuticum*.

BREYTINGAR Á ÆTTKVÍSLASKIPTINGU

Nokkrar breytingar eru gerðar á ættkvíslaskiptingu frá fyrri heftum. Slíkar breytingar valda alltaf einhverju óhagræði en það er einnig óhagræði að því að nota aðra ættkvíslaskiptingu en notuð er t.d. á Norðurlöndum. Til greina kom að gera fleiri breytingar en horfið var frá því. Líklega ná einhverjar breytingar á ættkvíslaskiptingu til viðbótar að festa sig í sessi á næstu árum eins og dæmi eru nefnd um hér á eftir. Ekki er hér gerð grein fyrir þeim breytingum sem áður hafa verið gerðar (Bergþór Jóhannsson 1996a) heldur er miðað við tegundaskrána í 29. hefti, á síðum 116-127 og þau hefti er síðan hafa komið út en það eru hefti 30, 33 og 34 (Bergþór Jóhannsson 1996b, 1997 og 1998). Í þessum kafla er aðeins fjallað um breytingar á latneskum heitum ættkvísla en um breytingar á íslenskum heitum er fjallað annars staðar.

Dryptodon og *Racomitrium*

Racomitrium patens, öðru nafni *Grimmia patens* eða *Grimmia curvata*, stendur að mörgu leyti á milli ættkvíslanna *Racomitrium* og *Grimmia*. Hafa sérfræðingar hreint ekki verið sammála um í hvorri ættkvíslinni tegundin ætti að vera. Ég hef hallast að því að hafa hana í *Racomitrium* og er það gert í 24. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1993) eins og mált er með í Index muscorum (Wijk et al. 1959-1969). Sérfræðingar skiptust lengi vel í tvo hópa sem voru nokkuð óbifanlegir í afstöðu sinni. Rök þeirra sem völdu *Racomitrium* koma vel fram hjá Lawton (1971) og þeirra sem völdu *Grimmia* hjá Greven (1995). Crundwell (1971) lagði til lausn á þessari deilu sem fólst í því að setja þessa einu tegund í ættkvíslina *Dryptodon*. Það er umdeilanlegt hvort rétt sé að endurreisa ættkvísl til þess eins að hafa í henni eina tegund sem menn koma sér ekki saman um hvorum megin hryggjar eigi að liggja. Í þessu tilviki get ég þó vel sætt mig við það. Tillagan sem Crundwell setti fram hefur hlotið góðar undirtektir og meðal þeirra fjölmörgu sem nota *Dryptodon* sem ættkvísl fyrir þessa einu tegund eru Anderson et al. (1990), Bednarek-Ochyra (1995), Corley et al. (1981), Crum & Anderson (1981), Düll (1994), Frey et al. (1995), Frisvoll et al. (1995), Hallingbäck (1996) og Söderström et al. (1992). Ég tel rétt að fylgja þessum fordæmum. Sú breyting er því gerð frá fyrri umfjöllun að tegundin *Racomitrium patens* er tekin úr þeirri ættkvísl og flutt í ættkvíslina *Dryptodon* með óbreyttu viðurnafni.

Polytrichastrum og *Polytrichum*

Þegar fjallað var um *Polytrichum* fyrr í þessu fjölríti (Bergþór Jóhannsson 1990a) var þess getið að ættkvíslinni væri stundum skipt í tvær ættkvíslir, *Polytrichastrum* og *Polytrichum*. Ég var þá og er að sumu leyti enn þeirrar skoðunar að þessi skipting sé óþörf. Ekki hefur það gert það fýsilegra að nota ættkvíslina *Polytrichastrum* að hún hefur verið notuð í mjög mismunandi merkingu. Anderson, Crum & Buck (1990) nota hana þannig að aðeins tvær íslenskar tegundir, *P. alpinum* og *P. norwegicum*, mundu falla undir hana. Frey et al. (1995) nota hana þannig að undir hana féllu íslensku tegundirnar *P. alpinum*, *P. norwegicum*, *P. sexangulare* og *P. sphaerothecium*. Samkvæmt notkun Söderström et al. (1992) falla auk þess íslensku tegundirnar *P. formosum* og *P. longisetum* undir *Polytrichastrum*. Síðastnefnda notkunin er sú eina sem til greina kemur að mínu mati. Það má færa ágæt rök fyrir þessari skiptingu. Þar sem þessi skipting er nú notuð í flestum nýjustu tegundaskráum í nágrenninu, t.d. hjá Afonina & Czernyadjeva (1995), Frisvoll & Elvebakk (1996), Frisvoll et al. (1995) og Hallingbäck (1996) tel ég rétt að taka hana upp til samræmis. Viðurnöfn íslensku tegundanna breytast ekkert við þennan flutning milli ættkvísla.

Pseudoscleropodium og *Scleropodium*

Tegundin *Scleropodium purum* er oft klofin frá öðrum tegundum ættkvíslarinnar og sett í sérstaka ættkvísl, *Pseudoscleropodium*. Þetta er þó ekki gert hjá t.d. Corley et al. (1981). Aftur á móti er ættkvíslin *Pseudoscleropodium* notuð hjá t.d. Anderson et al. (1990), Frisvoll et al. (1995), Hallingbäck (1996) og Söderström et al. (1992). Ég þekki ekki aðrar tegundir *Scleropodium* og get því ekki dæmt um réttmæti þessa en tel rétt að fylgja því sem almennt er tíðkað í þessu efni. Ættkvíslarnafnið *Pseudoscleropodium* er því notað hér fyrir íslensku tegundina í stað *Scleropodium* sem var notað í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1997).

Syntrichia og *Tortula*

Skipting tegunda milli ættkvíslanna *Pottia*, *Desmatodon*, *Tortula* og *Syntrichia* hefur að ýmsu leyti verið óljós og sumar tegundir hafa verið á fleygiferð fram og aftur milli ættkvísla. Óljós skil milli ættkvísla koma fram í greiningarlyklinum í 21. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1992) en þar er ættkvíslin *Desmatodon* tekin þrisvar út úr lyklinum og *Tortula* tvisvar. Ættkvíslin *Pottia* er þar aðeins tekin út einu sinni enda er þar notuð þrengri skilgreining á ættkvíslinni en oft er gert. Ættkvíslin *Syntrichia* er ekki notuð þar.

Sumir mosafraeðingar eru farnir að nota ættkvíslaskiptingu sem ef til vill á eftir að standast betur en sú sem notuð hefur verið að undanfögnu. Þessi skipting er notuð hjá Afonina & Czernyadjeva (1995), Frisvoll & Elvebakk (1996) og Frisvoll et al. (1995). Í þessu nýja kerfi er ættkvíslin *Desmatodon* lögð niður og flestar tegundir hennar fluttar í ættkvíslina *Tortula*. *D. heimii* sem hefur ýmist verið talin til *Pottia* eða *Desmatodon* en hefur verið til vandræða í báðum er flutt í *Hennediella*. Ættkvíslin *Syntrichia* er klofin frá *Tortula* en það er ekki ný hugmynd.

Þetta kerfi er byggt á miklu riti um ættkvíslir grýtumosaættar eftir Zander (sjá t.d. Frisvoll et al. 1995) sem ég hef ekki séð. Með því að skoða lista yfir ný ritverk um baukmosa (nr.162) í tímaritinu *The Bryologist* (Allen & Magill 1994) má fá dágóða hugmynd um þær breytingar sem þar eru gerðar á ættkvíslaskipan í ættinni. Meðal annars er ættkvíslin *Pottia* lögð niður og eru íslensku tegundirnar fluttar í *Tortula*. Ættkvíslin *Oxystegus* er lögð niður og tegundirnar fluttar í *Trichostomum*. Tegundin *Anoetangium warburgii* er flutt í ættkvíslina *Molendoa*. Það sem vekur þó mesta athygli mína við skoðun á þessu yfirliti er að sum tegundanöfnin sem ætluð eru íslensku tegundunum í þessu nýja kerfi virðast ógild og því ekki nothæf.

Hjá Frisvoll et al. (1995) er þetta nýja kerfi ekki notað nema að hluta. Ættkvíslirnar *Desmatodon* og *Oxystegus* eru lagðar niður og ættkvíslin *Syntrichia* er viðurkennd. Mér þykir líklegt að þessi nýja ættkvíslaskipting verði að mestu tekin upp fljótlega en að hún verði að einhverju leyti lagfærð áður. Að þessu sinni tek ég því aðeins stutt skref í þá átt að taka þetta nýja ættkvíslakerfi upp og geri þá einu breytingu frá fyrra kerfi að taka upp ættkvíslina *Syntrichia* fyrir hluta þeirra tegunda sem í fyrri umfjöllun eru taldar til *Tortula*. Tegundirnar *Tortula norvegica*, *T. ruraliformis* og *T. ruralis* eru fluttar í ættkvíslina *Syntrichia* með óbreyttum viðurnöfnum.

Skrá um breytt tegundanöfn vegna flutnings milli ættkvísla

Fyrri nöfnin eru þau sem notuð voru í fyrri heftum en síðari nöfnin þau sem notuð eru í tegundaskránum síðar í þessu hefti.

Polytrichum alpinum = *Polytrichastrum alpinum* (Hedw.) G.L. Sm.

P. formosum = *Polytrichastrum formosum* (Hedw.) G.L. Sm.

P. longisetum = *Polytrichastrum longisetum* (Brid.) G.L. Sm.

P. norvegicum = *Polytrichastrum norvegicum* (Hedw.) Schljak.

P. sexangulare = *Polytrichastrum sexangulare* (Brid.) G.L. Sm.

P. sphaerothectum = *Polytrichastrum sphaerothectum* (Besch.) Frahm

Racomitrium patens = *Dryptodon patens* (Hedw.) Brid.

Scleropodium purum = *Pseudoscleropodium purum* (Hedw.) Fleisch.

Tortula norvegica = *Syntrichia norvegica* Web.

T. ruraliformis = *Syntrichia ruraliformis* (Besch.) Card.

T. ruralis = *Syntrichia ruralis* (Hedw.) Web. et Mohr

BREYTINGAR Á LATNESKUM TEGUNDANÖFNUM

Hér er einungis fjallað um breytingar sem gerðar eru á tegundanöfnum án þess að ættkvíslarheiti sé breytt, þ.e. þar sem viðurnafni er breytt.

Bryum subapiculatum Hampe

Hverahnokki er í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1995b) nefndur *Bryum microerythrocarpum*. Hið sama er gert hjá Smith (1978). Hjá Frisvoll et al. (1995), Hallingbäck (1996) og Nyholm (1993) er nafnið ritað *Bryum micro-erythrocarpum*. Nafnið *Bryum subapiculatum* er notað um þessa tegund m.a. í íslenska mosalistanum (Bergþór Jóhannsson 1983), hjá Corley et al. (1981), Frey et al. (1995), Sharp et al. (1994), Söderström et al. (1992) og Söderström (1996). Þessi nafnamunur á rætur að rekja til mismunandi mats á trúverðugleika nafngreiningar á nafneintökum *B. subapiculatum*. Án þess að hafa nein sérstök rök fyrir því þykir mér rétt að halda mig við fyrri ákvörðun (Bergþór Jóhannsson 1983) um að fylgja Evrópulistanum (Corley et al. 1981) í þessu efni. Nafnið *Bryum subapiculatum* Hampe er því tekið hér upp aftur á hverahnokka.

Drepanocladus sordidus (C. Müll.) Heden.

Hedenäs hefur nýlega birt niðurstöður úr athugunum sínum á *D. sendtneri* og skyldum tegundum (Hedenäs 1998). Hann notar nokkuð breyttar skilgreiningar á tegundum frá því sem áður hefur tíðkast. Samkvæmt niðurstöðum hans hefur *D. sendtneri* ekki fundist hér. Þau eintök sem hér hafa fundist eru af tegundinni *D. sordidus* eftir því sem fram kemur í greininni. Þau eintök sem notuð eru í Fjölríti 34 (Bergþór Jóhannsson 1998) til að lýsa og teikna *D. sendtneri* eru því af *D. sordidus*. Skipta þarf um latneskt nafn á íslensku tegundinni. Keldulufsa heitir því *Drepanocladus sordidus* (C.Müll.) Heden. en ekki *D. sendtneri*.

Grimmia sudetica Schwägr.

Nyholm (1998) notar *Grimmia sudetica* um þá tegund sem í umfjöllun minni um skeggmosaætt (Bergþór Jóhannsson 1993) er kölluð *G. alpestris*. Mjög skiptar skoðanir hafa verið um það hvort nafnið *Grimmia alpestris* sé gilt nafn eða ógilt, hverja beri að telja nafnhöfunda og jafnvel við hvaða tegund þetta nafn eigi. Ég tel því tilvalið að skipta um nafn á tegundinni og nota því nafnið *G. sudetica* Schwägr. í skránum síðar í þessu hefti um þá tegund sem fyrr í þessum heftum hefur verið nefnd *G. alpestris*.

Plagiopus oederi (Brid.) Limpr.

Samkvæmt Index muscorum (Wijk et al. 1959-1969) er ættkvíslin *Plagiopus* Brid. búin til árið 1826. Um leið er nafntegund ættkvíslarinnar lýst. Hún er *P. serratus* Brid. Upphaflegar lýsingar ættkvíslar og nafntegundar eru á sömu blaðsíðu samkvæmt Index muscorum. Það ætti því að vera fullkomlega ljóst að höfundurinn hugsar sér *Plagiopus* sem karlkynsorð. Meðal annarra tegunda ættkvíslarinnar *Plagiopus* sem er að finna hjá Wijk et al. (1959-1969) eru *P. hawaiiicus*, *P. javanicus*, *P. longisetus* og *P. strictus*. Allar þessar samsetningar gera ráð fyrir *Plagiopus* sem karlkynsorði. Samkvæmt Index muscorum er samsetningin *Plagiopus oederi* gerð árið 1895. Síðan hefur þessi tegund oftast borið það nafn. *Plagiopus oederi* er upphaflega lýst sem tegund í ættkvíslinni *Bartramia* sem er kvenkynsorð. Þar bar hún nafnið *B. oederi* Brid og heimildir munu vera um nafnið *B. oederiana* Sw. Crum & Anderson (1981) mynda samsetninguna *Plagiopus oederiana* (Sw.) Crum et Anderson. Þessi samsetning er notuð m.a. hjá Corley & Crundwell (1991), Frisvoll et al. (1995) og Söderström et al. (1992). Ég hef hvergi séð nein rök fyrir því að *Plagiopus* skuli notað sem kvenkynsorð og get því ekki fallist á

Þessa samsetningu. Ég tel augljóst að viðurnafninu "oederiana" skuli breytt í "oederianus" þegar það er fært frá ættkvíslarheiti sem er kvenkyns til ættkvíslarheitis sem er karlkyns. Samsetningin *Plagiopus oederianus* er því notuð í fyrri umfjöllun um þessa tegund (Bergþór Jóhannsson 1995a). Þar sem ég virðist næstum einn um að nota þessa samsetningu tel ég rétt að hverfa aftur til fyrri samsetningar, þ.e. *Plagiopus oederi*. Sú samsetning er notuð m.a. hjá Frey et al. (1995), Hallingbäck (1996) og Nyholm (1998). Í stað *P. oederianus* er því notuð samsetningin *P. oederi* (Brid.) Limpr. í skránum síðar í þessu hefti.

Skrá um breytt tegundanöfn vegna breytts viðurnafns

Fyrri nöfnin eru þau sem notuð eru fyrr í þessum heftum en síðari nöfnin þau sem notuð eru í tegundaskránum síðar í þessu hefti.

Bryum microerythrocarpum = *B. subapiculatum* Hampe
Drepanocladus sendtneri verður *D. sordidus* (C. Müll.) Heden.
Grimmia alpestris verður *G. sudetica* Schwägr.
Plagiopus oederianus = *P. oederi* (Brid.) Limpr.

NAFNAVANDAMÁL

Nöfn margra tegunda eru nokkuð á reiki. Sem dæmi má nefna að sú tegund sem í Evrópu er oftast nefnd *Bryum bicolor* Dicks. er nú oftast nefnd *B. dichotomum* Hedw. hjá amerískum mosafraeðingum, t.d. Anderson et al. (1990) og Sharp, Crum & Eckel (1994), og sú tegund sem í Evrópu er oftast nefnd *Philonotis arnellii* Husn. er oftast nefnd *P. capillaris* Lindb. eða *P. capillaris* Hartm. hjá amerískum mosafraeðingum, t.d. Anderson et al. (1990), Crum & Anderson (1981) og Lawton (1971). Ég er ekki frá því að í báðum þessum tilvikum hafi þeir amerísku meira til síns máls en þeir evrópsku. Í þessum tilvikum og fleiri slíkum fylgi ég þó því sem tíðkast í nágrannalöndunum. Þessi munur veldur ekki vandræðum því ljóst er við hvaða tegund er átt hvort nafnið sem notað er. Einnig má benda á að í mati á því, hvað eru tegundir og hvað ekki, er ekki fullt samræmi milli tegundaskráanna síðar í þessu hefti og þeirra tegundalista sem mest er stuðst við. Sem dæmi má nefna að hjá t.d. Corley et al. (1981), Frey et al. (1995) og Söderström et al. (1992) er þeirri tegund sem hér er nefnd *Bryum elegans* skipt í tvær tegundir, *B. elegans* Nees og *B. stirtonii* Schimp. Báðar þessar tegundir eru hér en ég kys að sinni að telja þetta aðeins eina tegund. Þetta þýðir að sjálfsögðu það að nafnið *B. elegans* er notað í víðari merkingu í minni skrá en t.d. í skrá Söderström et al. Í þeim skráum yfir íslenskar mosategundir sem eru síðar í þessu hefti er

aðeins eitt latneskt nafn sem ég sé ástæðu til að ræða hér. Það er nafnið *Polytrichastrum norvegicum*.

Polytrichastrum norvegicum (Hedw.) Schljak.

Í umfjöllun um tegundir haddmosaættar á heimskautasvæðum N-Ameríku og á Grænlandi lýsir Long (1985) gerð af *Polytrichastrum sexangulare* þar sem efstu frumur í ræmum eru lítillaga vörtóttar. Í greiningarlykli fyrir tegundir í ættkvíslinni *Polytrichastrum* leggur hann áherslu á blaðendana til að greina milli *P. alpinum* og *P. sexangulare*. Þar segir um *P. sexangulare*: "... , apices blunt or subacute, cucullate; ..". Um *P. alpinum* segir: "... , apices subulate, channelled but not cucullate; ..". Frisvoll & Elvebakk (1996) geta þess einnig að á sumum eintökum *P. sexangulare* frá Svalbarða séu efstu frumur í ræmum vörtóttar.

Eintök þau sem í 29. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1996a) eru talin til *Polytrichum norvegicum* voru í 13. hefti (Bergþór Jóhannsson 1990a) talin til *P. sexangulare* og þar er því einnig rætt um gerð af *P. sexangulare* þar sem efstu frumur í ræmum eru örlítið vörtóttar. Þessi eintök eru nokkuð auðþekkt frá venjulegum *P. alpinum* á því að blöðin eru oft með hettulaga enda, "cucullate". Blaðendi þessara eintaka er stundum alveg eins og á eintökum *P. sexangulare*. Sú spurning er því nokkuð áleitin hvort það sé ekki sama fyrirbrigðið sem ég (Bergþór Jóhannsson 1990a og 1996a), Long (1985) og Frisvoll & Elvebakk (1996) erum að skrifa um. Samkvæmt greiningarlyklinum hjá Long (1985) er eðlilegast að greina íslensku eintökin sem *P. sexangulare*. Blöð þessara eintaka eru þó frábrugðin venjulegum *P. sexangulare* í því að blöðin eru örlítið tennt og efstu frumur í ræmum eru lítillaga vörtóttar. Stundum er reyndar nokkuð erfitt að sjá vörturnar og eins geta blöðin stundum verið svo til heilrend.

Þessi eintök eru sjaldan með gróhirslum en það kemur þó fyrir og nýlega hafa bæst við fleiri eintök en fyrir voru með gróhirslum í safn Náttúrufræðistofnunar. Gróhirslurnar líkjast gróhirslum á venjulegum *P. alpinum* en eru styttri og geta verið næstum kúlulaga. Ignatov & Smith Merrill (1995) lýsa yfirborðsfrumum gróhirslna á *Polytrichastrum alpinum* og *P. sexangulare*. Hjá *P. sexangulare* eru þær með aflangri, ljósri þynningu í miðju en slíkur ljós blettur er ekki hjá *P. alpinum*. Þetta kemur alveg heim við íslensk eintök þessara tegunda. Á þeim eintökum sem talin eru til *Polytrichum norvegicum* í 29. hefti (Bergþór Jóhannsson 1996a) eru engar slíkar þynningar í veggjum yfirborðsfrumna. Þessi eintök geta því ekki talist til *P. sexangulare*. Það var greinilega rétt ákvörðun að færa þessi eintök úr *P. sexangulare* en þeirri spurningu hvaða nafn á að setja á þau virðist enn ósvarað.

Þetta er ekki séríslenskt fyrirbrigði. Náttúrufræðistofnun á aðeins fá mosasýni frá öðrum löndum. Þrátt fyrir það vill svo til að eitt sýni er þar sem ég tel að sé af sama afbrigði eða sömu tegund eftir því hvor leiðin er valin. Sýnið sem hefur verið nafngreint sem *Polytrichastrum sexangulare* er frá Labrador.

Mörgum afbrigðum hefur verið lýst af *Polytrichum alpinum*. Samkvæmt þeim takmörkuðu upplýsingum sem ég hef um þessi afbrigði (Brotherus 1923, Jensen 1939, Nyholm 1969) virðast íslensku eintökin falla best að lýsingu á var. *septentrionale*. Engin þessara lýsinga er þó nægilega nákvæm til að unnt sé að fullyrða að íslensku eintökin séu af þessu afbrigði. Mártensson (1956) ræðir nokkuð þau afbrigði sem kæmu hér helst til greina, var. *brevifolium*, var. *septentrionale* og var. *simplex*, og leggur til að þau verði sameinuð undir nafninu *P. alpinum* var. *septentrionale*. Hann segir oft mjög erfitt að greina þetta afbrigði frá *P. sexangulare*. Besta einkennið er að hans mati að efstu frumur ræmanna eru fínvörtóttar á *P. alpinum* var. *septentrionale*. Jafnvel þótt því væri slegið föstu að íslensku eintökin væru af þessu afbrigði er tegundanafn eintakanna ekki á hreinu.

Það eru til smávaxin eintök af *P. alpinum* sem eru ekkert annað en smávaxin eintök af þeirri tegund. Engin eintök eru til í söfnum Náttúrufræðistofnunar frá fyrri tíð sem hafa verið nafngreind sem *P. alpinum* var. *septentrionale* en eitt sýni er þar sem hefur verið nafngreint af C. Jensen sem *P. alpinum* var. *brevifolium*. Ég tel að þær plöntur séu aðeins smávaxin eintök af *P. alpinum*.

Söderström et al. (1992) telja *Polytrichum alpinum* var. *septentrionale* samnefni *Polytrichum norvegicum* og nota nafnið *Polytrichastrum norvegicum* á tegundina sem verður til þegar afbrigðið er gert að tegund. Nafnið hefur lengstum verið ritað „*norvegicum*“ en var ritað „*norvegicum*“ þegar tegundinni var lýst. Fyrst Skandínavar vilja taka upp þann rithátt geri ég það einnig. Þetta viðurnafn var lengi notað fyrir þá tegund sem hér er nefnd *Polytrichastrum sexangulare*. Nafneintökin munu þó ekki vera af þeirri tegund heldur munu þau vera af einhverri gerð af *P. alpinum*. Sé *P. norvegicum* og *P. septentrionale* sama fyrirbrigðið hefur *P. norvegicum* forgang þegar það er talið tegund. Afonina & Czernyadjeva (1995) gefa *Polytrichum alpinum* var. *septentrionale* (Brid.) Lindb. sem samnefni *Polytrichastrum norvegicum* (Hedw.) Schljak. og nota því það tegundarnafn eins og Söderström et al. (1992). Ignatov & Smith Merrill (1995) eru á annarri skoðun og vitna í fyrri ritgerð eftir Smith og fullyrða að nafneintök *P. norvegicum* séu gerð af *P. alpinum* en séu ekki það sama og *P. alpinum* var *septentrionale*. Sé farið eftir þeirra áliti ætti umrætt afbrigði að heita *P. septentrionale* (Brid.) sem tegund en ekki *P. norvegicum*.

Að sinni ætla ég ekki að breyta öðru en því að rita viðurnafnið með w. Ég tel rétt að halda þessari gerð sem sérstakri tegund þar til annað kann að koma í ljós en ég vil vekja athygli á því að ég get ekki fullyrt að hér sé um að ræða *P. alpinum* var. *septentrionale* þótt ég telji það sennilegt og að skiptar skoðanir eru um það hvaða tegundarnafn það afbrigði á að fá sem tegund.

BREYTINGAR Á ÍSLENSKUM NÖFNUM

Nokkur grein hefur verið gerð fyrir því í inngangi þessa heftis hversvegna ég legg til að talsverðar breytingar verði gerðar á íslenskum nöfnum frá fyrri heftum. Þessar breytingar felast í því að hver ættkvísl fær sitt eigið nafn og tegundirnar fá endingu í samræmi við það. Flestar tegundir halda fyrri hluta nafnsins en fá breytta endingu en undantekningar eru frá þessu. Skál sérstaklega bent á að hjá kragamosum, þ.e. í ættkvíslinni *Schistidium*, eru gerðar breytingar á tegundanöfnum sem þýða breytta merkingu nafna miðað við latneskt heiti. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum tillögum. Ættkvíslum er hér raðað í stafrófsröð fyrri heita á íslensku. Hér er miðað við tegundaskrána í 29. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1996a) og þau hefti sem hafa komið út síðar (Bergþór Jóhannsson 1996b, 1997 og 1998).

Brúskmosar, hnúskmosar og totamosar

Nafnið brúskmosar hefur náð yfir þrjár ættkvíslir, *Dicranum*, *Kiaeria* og *Arctoa* (Bergþór Jóhannsson 1991). Skipting í þessar ættkvíslir er nú orðin alveg föst þótt þær væru oft áður taldar til einnar ættkvíslar. *Dicranum* heldur brúskmosanafninu. *Kiaeria* fær nafnið hnúskmosar og *Arctoa* fær nafnið totamosar. Tegundanöfnin halda sér að öðru leyti en því að endingin breyttist til samræmis.

Dýrmosar og djásnmosar

Tegundanöfn þau sem sett voru á tegundir *Tetraplodon* (Bergþór Jóhannsson 1990b) eru ekki í samræmi við það nafngiftakerfi sem notað er. Því hefur verið skipt um nafn á ættkvíslinni. Hún fær nafnið djásnmosar í stað dýrmosar. Í stað beinamosi og sauðmosi fá tegundirnar nöfnin beinadjásn og fjalladjásn í samræmi við það kerfi sem notað er.

Faxmosar, glæsimosar og snuddmosar

Í 29. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1996a) er nafnið faxmosar látið ná yfir allar þrjár ættkvíslir faxmosaættar. Þessu er nú breytt. *Hypnum* heldur faxmosanafninu, *Calliergonella* fær nafnið snuddmosar og *Ctenidium* nafnið glæsimosar. Íslenskar tegundir *Calliergonella* eru auðþekktar í sundur á útliti. Þess vegna er tegundarnafni *C. lindbergii* breytt þannig að þessi augljósi munur komi fram í nafninu og fær tegundin nafnið bugsnuddi en *C. cuspidata* heldur fyrri hluta gamla nafnsins og nýja nafnið verður geirsnuddi. Tegundarnafn *Ctenidium molluscum* verður urðaglæsa.

Gamburmosar og korpmosar

Við flutning úr ættkvíslinni *Racomitrium* í ættkvíslina *Dryptodon* þarf *D. patens* að fá nýtt nafn. Valið er nafnið korpmosi á tegundina og korpmosar á ættkvíslina.

Glítmosar, blikmosar, ljómamosar og skjómamosar

Nafnið glítmosar var í 29. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1996a) látið ná yfir þær fjórar ættkvíslir sem áður voru taldar til *Plagiothecium*. Glítmosanafnið verður áfram á *Plagiothecium*. *Isopterygiopsis* fær nafnið ljómamosar, *Pseudotaxiphyllum* nafnið blikmosar og *Taxiphyllum* nafnið skjómamosar. Tegundanöfn hjá *Isopterygiopsis* og *Taxiphyllum* eru óbreytt að öðru leyti en því að endingarnar breytast til samræmis við ættkvíslarnafnið. Hjá *Pseudotaxiphyllum* er tegundin látin halda ættkvíslarnafninu í eintölu og fær *P. elegans* því nafnið blikmosi.

Haddmosar, höttmosar og lubbamosar

Haddmosar var látið ná yfir bæði *Polytrichum* og *Pogonatum* (Bergþór Jóhannsson 1990a). Nú bætist þriðja ættkvíslin við, *Polytrichastrum*. *Polytrichum* heldur haddmosanafninu. *Polytrichastrum* fær nafnið lubbamosar og *Pogonatum* nafnið höttmosar. Tegundirnar halda allar fyrri nöfnum sínum að öðru leyti en því að endingin breytist til samræmis við ættkvíslarnafnið.

Hnappmosar, bólsturmosar, strýmosar og þófamosar

Nafnið hnappmosar var í 26. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1995a) látið ná yfir allar ættkvíslir í ættinni Bartramiaceae. Rétt þykir að tegundaflesta ættkvíslin, *Philonotis*, haldi hnappmosanafninu. *Bartramia* fær nafnið strýmosar, *Conostomum* nafnið þófamosar og *Plagiopus* nafnið bólsturmosar. Endingar á tegundum *Bartramia* og *Conostomum* breytast í samræmi við þetta en hjá *Plagiopus* fær tegundin nafnið bólsturmosi. Í ættkvíslinni *Philonotis* er skipt um nafn á tveim tegundum. *P. tomentella* fær nú nafnið fjallahnappur í stað mjóhnappur og *P. arnellii* fær nafnið vætuhnappur í stað dverghnappur.

Hnubbmosar, skrýfilmosar og sokkmosar

Þetta nafn var notað um ættkvíslina *Barbula* í viðri merkingu í 21. hefti þessa fjölríts (Bergþór Jóhannsson 1992). Þeirri ættkvísl var síðan skipt í þrjár ættkvíslir í 29. hefti en hnubbmosanafninu var haldið fyrir allar ættkvíslirnar (Bergþór Jóhannsson 1996a). Ættkvíslaskipting hér virðist nú í föstum skorðum hvað íslensku tegundirnar snertir. Hnubbmosanafninu er haldið fyrir tegundaflestu ættkvíslina, *Didymodon*. *Bryoerythrophyllum* fær nafnið sokkmosar, *B. ferruginascens* nafnið brúnsokki og *B. recurvirostrum* nafnið ryðsokki en fyrri nöfnin voru roðahnubbi og sokkahnubbi. Þriðja ættkvíslin, *Barbula*, fær nafnið skrýfilmosar og breytist tegundarendingin í samræmi við það.

Hnýsilmosar

Samkvæmt Íslenskri orðsifjabók (Ásgeir B. Magnússon 1989) er líklegt að þetta nafn eigi frekar að rita neð y en í. Rithættinum er breytt til samræmis við þetta.

Kragamosar

Í ættkvíslina bætast nú sex íslenskar tegundir. Ekki verður hér gerð grein fyrir nöfnum sem nýjar tegundir fá. Flestar hinna tegundanna halda fyrri nöfnum sínum en þó hafa verið gerðar þar breytingar.

Schistidium crassipilum var áður nefndur randakragi (Bergþór Jóhannsson 1993) og er þar vísað til strikunar kranstanna sem ekki sést nema með mikilli stækkun í smásjá. Tegundina má oft þekkja á útliti og blóðum sem eru beinni og stífari en á öðrum skyldum tegundum. Nafni tegundarinnar hefur því verið breytt í brandakragi.

Eins og fram kemur í umfjöllun um kragamosana frammar í þessu hefti voru eintök sem nú eru talin til tveggja tegunda notuð við lýsingu á sumum tegundanna í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1993).

Þrátt fyrir að meginhluti eintakanna sem notaður var við lýsingu á *S. apocarpum* (Bergþór Jóhannsson 1993) sé nú talinn til *S. flexipile* var nafnið roðakragi miðað við eintök *S. apocarpum*. Sú tegund er því látin halda nafninu og nýtt nafn, holtakragi, sett á *S. flexipile*.

Nafnið gullinkragi var miðað við eintök *S. confertum* enda voru það eintök þeirrar tegundar sem voru notuð við gerð teikninga af tegundinni (Bergþór Jóhannsson 1993). *S. confertum* heldur því þessu nafni.

Þegar „*S. strictum*“ var lýst í 24. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1993) var að flestu leyti verið að lýsa *S. papillosum* en ekki *S. strictum*, enda er *S. papillosum* mun útbreiddari hér en *S. strictum*. Nafnið vörtukragi var miðað við eintök *S. papillosum*. Nafnið vörtukragi er því sett á *S. papillosum* en hinn rétti *S. strictum* fær nýtt nafn, bollakragi.

Teikningarnar í 24. hefti (Bergþór Jóhannsson 1993) af „*S. dupretii*“ eru af eintökum *S. submuticum*. Lýsingin á einnig að langmestu leyti við þá tegund en ekki *S. dupretii*. Íslenska nafnið, veggjakragi, er hér látið fylgja þeirri tegund sem þar var verið að lýsa, þ.e. *S. submuticum*, en nýtt nafn, smákragi, er sett á hinn rétta *S. dupretii*.

Leskjumosar og lýjumosar

Í 30. hefti þessarar ritraðar (Bergþór Jóhannsson 1996b) var nafnið leskjumosar látið ná yfir tvær ættkvíslir, *Lescuraea* og *Pseudoleskeella*. Hér er *Lescuraea* látin halda nafninu en *Pseudoleskeella* fær nafnið lýjumosar. Tegundirnar halda nöfnum sínum að öðru leyti en því að endingin breytist til samræmis.

Skænumosar, bleðlmosar, depilmosar, faldmosar, glærumosar og skjallmosar

Í 26. hefti (Bergþór Jóhannsson 1995a) er skænumosanafnið látið ná yfir allar ættkvíslir skænumosaættar eins og minnst er á í inngangi þessa heftis. *Mnium* heldur skænumosanafninu. *Plagiomnium* fær nafnið bleðlmosar, *Cinclidium* nafnið depilmosar, *Rhizomnium* nafnið faldmosar og *Cyrtomnium* nafnið glærumosar. Allar tegundir þessara ættkvísla halda fyrri hluta gamla nafnsins en fá endingu í samræmi við þessar breytingar. *Pseudobryum* fær nafnið skjallmosar og tegundin *P. cinclidioides* nafnið skjallmosi.

Snúðmosar og skrúfmosar

Hér eru þrjár tegundir fluttar úr ættkvíslinni *Tortula* í ættkvíslina *Syntrichia* sem fær nafnið skrúfmosar. Tegundirnar, *S. norvegica*, *S. ruraliformis* og *S. ruralis*, halda fyrri hluta nafna sinna en fá endinguna -skrúfur í stað -snúður.

Stúfmosar, loðmosar, lokmosar og staukmosar

Stúfmosanafnið var í 21. hefti (Bergþór Jóhannsson 1992) sett á fjórar ættkvíslir, *Anoetangium*, *Gymnostomum*, *Gyroweisia* og *Hymenostylium*. *Anoetangium* heldur nafninu. Aðeins ein íslensk tegund er í hverri hinna ættkvíslanna. *Gymnostomum* fær nafnið staukmosar, *Gyroweisia* fær nafnið loðmosar og *Hymenostylium* fær nafnið lokmosar. Tegundirnar fá sömu nöfn í eintölu.

Skrá um breytt íslensk tegundanöfn

Fyrri nöfnin eru þau sem notuð eru fyrr í þessum heftum en síðari nöfnin þau sem notuð eru í tegundaskránum síðar í þessu hefti. Nöfnum er raðað í stafrófsröð eldri nafna.

bakkaskæna verður bakkafaldur (*Rhizomnium punctatum*)
 barðahnappur verður barðastrý (*Bartramia ithyphylla*)
 beinamosi verður beinadjásn (*Tetraplodon mnioides*)
 berghaddur verður berglubbi (*Polytrichastrum sphaerothectum*)
 blámaskæna verður blámaglæra (*Cyrtomnium hymenophylloides*)

brekkuskæna verður brekkubleðill (*Plagiomnium cuspidatum*)
 deigluskæna verður deiglubleðill (*Plagiomnium elatum*)
 drangaleskja verður drangalýja (*Pseudoleskeella rupestris*)
 dverghaddur verður dverghöttur (*Pogonatum nanum*)
 dverghnappur verður vætuhnappur (*Philonotis arnellii*)
 dældabrúskur verður dældahnúskur (*Kiaeria starkei*)
 fagurskæna verður fagurbleðill (*Plagiomnium undulatum*)
 fenjaskæna verður fenjadepill (*Cinclidium subrotundum*)
 fjallahnisill verður fjallahnýsill (*Weissia wimmeriana*)
 fjallaleskja verður fjallalýja (*Pseudoleskeella tectorum*)
 fjallaskæna verður fjallafaldur (*Rhizomnium andrewstanum*)
 fjallhaddur verður fjallalubbi (*Polytrichastrum alpinum*)
 fjörusnúður verður fjöruskrúfur (*Syntrichia ruraliformis*)
 geirfaxi verður geirsnuddi (*Calliergonella cuspidata*)
 gjótuglit verður blikmosi (*Pseudotaxiphyllum elegans*)
 gjótuskæna verður gjótubleðill (*Plagiomnium medium*)
 glæsifaxi verður urðaglæsa (*Ctenidium molluscum*)
 götuhnubbi verður götuskrýfill (*Barbula unguiculata*)
 hagahnísill verður hagahnýsill (*Weissia controversa*)
 heiðabrúskur verður heiðahnúskur (*Kiaeria glacialis*)
 heiðahnappur verður heiðapófi (*Conostomum tetragonum*)
 heiðaskæna verður heiðafaldur (*Rhizomnium pseudopunctatum*)
 hellaglit verður hellaskjómi (*Taxiphyllum wissgrillii*)
 hellaskæna verður hellableðill (*Plagiomnium rostratum*)
 hlíðagambri verður korpmsosi (*Dryptodon patens*)
 hnökkaskæna verður skjallmosi (*Pseudobryum cinclidioides*)
 hærusnúður verður hæruskrúfur (*Syntrichia ruralis*)
 kelduskæna verður keldudepill (*Cinclidium stygium*)
 kjarrhaddur verður kjarrlubbi (*Polytrichastrum formosum*)
 klettabrúskur verður klettatoti (*Arctoa anderssonii*)
 klettaglit verður klettaljómi (*Isopterygiopsis pulchella*)
 klettahnappur verður bólsturmosi (*Plagiopus oederi*)
 klettaleskja verður klettalýja (*Pseudoleskeella nervosa*)
 lautabrúskur verður lautahnúskur (*Kiaeria falcata*)
 lautasnúður verður lautaskrúfur (*Syntrichia norvegica*)
 lindaskæna verður lindafaldur (*Rhizomnium magnifolium*)
 loðnustúfur verður loðmosi (*Gyroweisia tenuis*)
 lokustúfur verður lokmosi (*Hymenostylium recurvirostrum*)
 melhaddur verður melhöttur (*Pogonatum urnigerum*)
 mjóhnappur verður fjallahnappur (*Philonotis tomentella*)
 móahnísill verður móahnýsill (*Weissia rutilans*)
 móhaddur verður mólubbi (*Polytrichastrum longisetum*)
 mýraskæna verður mýrableðill (*Plagiomnium ellipticum*)
 nepjuhaddur verður nepjulubbi (*Polytrichastrum norwegicum*)
 randakragi verður brandakragi (*Schistidium crassipilum*)
 rindabrúskur verður rindatoti (*Arctoa fulvella*)
 roðahnubbi verður brúnsokki (*Bryoerythrophyllum ferruginascens*)
 sauðmosi verður fjalladjásn (*Tetraplodon pallidus*)

seyrustúfur verður staukmosi (*Gymnostomum aeruginosum*)
 skurðhaddur verður skurðhöttur (*Pogonatum dentatum*)
 snæhaddur verður snælubbi (*Polytrichastrum sexangulare*)
 sokkahnubbi verður ryðsokki (*Bryoerythrophyllum recurvirostrum*)
 strandhnappur verður strandastrý (*Bartramia breviseta*)
 sytrufaxi verður bugsnuddi (*Calliergonella lindbergii*)
 urðabrúskur verður urðahnúskur (*Klaeria blyttii*)
 veggjakragi verður notað um *Schistidium submuticum* í stað *S. dupretii*
 sem fær nafnið smákragi
 vörtukragi verður notað um *Schistidium papillosum* í stað *S. strictum*
 sem fær nafnið bollakragi

MOSASKRÁ - RÖÐUN EFTIR LATNESKUM NÖFNUM

Í skránni eru þær baukmosategundir sem um hefur verið fjallað í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar, að þessu hefti meðtöldu, en þær eru 456. Í skrána eru einnig teknar 146 tegundir soppmosa og 1 tegund hornmosa. Um þessar tegundir hefur ekki verið fjallað enn. Fjöldi þeirra á nokkuð örugglega eftir að breytast eitthvað. Engin eintök eru til í íslenskum söfnum af sumum þessara tegunda. Óvíst er hvort eintök nokkurra eru rétt nafngreind. Í sumum ættkvíslum er óvíst hvað verður talið tegund og hvað ekki þegar þar að kemur. Einhverjum tegundum kann að verða skipt í tvær eða þrjár tegundir. Í öðrum ættkvíslum verða tvær tegundir ef til vill sameinaðar í eina. Líta verður því á þennan hluta skrárinnar sem bráðabirgðaskrá sem getur breyst smám saman um leið og fjallað verður um einstakar ættir. Margar þessara tegunda eru auðþekktar og til eru þeir sem þurfa að hafa aðgang að nöfnum á þær, bæði latneskum og íslenskum. Þeim til hægðarauka er þessi hluti tekinn hér með.

Ættkvíslum er raðað í stafrófsröð og tegundum er raðað í stafrófsröð innan ættkvísla. Fyrir aftan eru tilvísanir í það eða þau hefti í fjölrítinu þar sem fjallað er um ættkvíslina eða tegundina og tilvísun í blaðsíðu á eftir tvípunktinum. Þar sem skipt hefur verið um íslenskt nafn á ættkvísl og tegundir fá nýja endingu í samræmi við það er látið nægja að hafa tilvísun fyrir aftan ættkvíslina. Í tilvikum þar sem íslenskt ættkvíslarnafn hefur verið notað um fleiri en eina ættkvísl en er nú aðeins notað um eina er einnig sett tilvísun fyrir aftan þá ættkvísl sem heldur nafninu. Þar sem tegundir fá nýtt latneskt ættkvíslarnafn en viðurnafn er óbreytt er einnig látið nægja að hafa tilvísun fyrir aftan ættkvíslarnafnið.

Tegundir í skránni alls: 603.

<i>Abiettnella</i> C. Müll. - Tindilmosar	30:22
- <i>abietina</i> (Hedw.) Fleisch. - Tindilmosti	30:22
<i>Amblyodon</i> Bruch et Schimp. - Dropmosar	26:81
- <i>dealbatus</i> (Hedw.) Bruch et Schimp. - Dropmosi	26:81
<i>Amblystegium</i> Schimp. - Rytjumosar	34:56
- <i>fluviatile</i> (Hedw.) Schimp. - Lækjarytja	34:61
- <i>serpens</i> (Hedw.) Schimp. - Skógarytja	34:56
- <i>tenax</i> (Hedw.) C. Jens. - Lænurytja	34:59
<i>Anastrophyllum</i> (Spruce) Steph. - Spenglmosar	
- <i>minutum</i> (Schreb.) Schust. - Vætuspengill	
- <i>saxicola</i> (Schrad.) Schust. - Urðaspengill	
<i>Amphidium</i> Schimp. - Gopamosar	15:72
- <i>lapponicum</i> (Hedw.) Schimp. - Klettagopi	15:73
- <i>mougeotii</i> (Bruch et Schimp.) Schimp. - Gjótugopi	15:76
<i>Andreaea</i> Hedw. - Sótmosar	13:7
- <i>blyttii</i> Schimp. - Fjallasóti	13:9
- <i>rupestris</i> Hedw. - Holtasóti	13:11
<i>Aneura</i> Dum. - Fleðumosar	
- <i>pinguis</i> (L.) Dum. - Fleðumosi	
<i>Anoetangium</i> Schwägr. - Stúfmosar	21:83, 36:56
- <i>aestivum</i> (Hedw.) Mitt. - Fagurstúfur	21:86
- <i>warburgii</i> Crundw. et M. Hill - Kollstúfur	21:89
<i>Anomobryum</i> Schimp. - Bjartmosar	27:45
- <i>julaceum</i> (Gärtn. et al.) Schimp. - Bjartmosi	27:45
<i>Anomodon</i> Hook. et Tayl. - Tæfilmosar	16:18
- <i>attenuatus</i> (Hedw.) Hüb. - Hlíðataæfill	16:19
- <i>vitticulosus</i> (Hedw.) Hook. et Tayl. - Brekkutæfill	16:22
<i>Anthelia</i> (Dum.) Dum. - Hélumosar	
- <i>julacea</i> (L.) Dum. - Vætluhéla	
- <i>juratzkana</i> (Limpr.) Trev. - Heiðahéla	
<i>Antitrichia</i> Brid. - Hraukmosar	16:31
- <i>curtipendula</i> (Hedw.) Brid. - Hraukmosi	16:35
<i>Aongstroemia</i> Bruch et Schimp. - Örmosar	19:96
